

**Mat á Vinaleiðinni**  
Skýrsla unnin fyrir bæjarstjórn Garðabæjar

Steinunn Helga Lárusdóttir  
Meyvant Þórólfsson

Nóvember 2007  
Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf  
Kennaraháskóli Íslands

© Steinunn Helga Lárusdóttir og Meyvant Þórólfsson  
Öll réttindi áskilin  
Mat á Vinaleiðinni - Skýrsla unnin fyrir bæjarstjórn Garðabæjar  
Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf við KHÍ  
ISBN 978-9979-793-65-6

## Ágrip

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum mats á verkefninu Vinaleiðinni. Vinaleiðin er árs gamalt samstarfsverkefni milli Garða- og Bessastaðasóknar. Verkefnið tók til þriggja grunnskóla í Garðabæ og eins skóla á Álftanesi. Matið beindist fyrst og fremst að þeim þáttum sem tilgreindir voru í verksamningi milli SRR og bæjarstjórnar, það er viðhorfum og reynslu hagsmunaaðila af Vinaleiðinni. Það fór þannig fram að höfundar tóku viðtöl við nokkra hagsmunaaðila skólanna, fulltrúa í foreldraráðum, skólastjórnendum, kennara, sóknarprest, djákna og skólaprest. Flest viðtölin voru tekin í skólunum, eitt fór fram í húsnæði Kennaraháskóla Íslands og eitt á vinnustað viðmælanda. Loks voru tekin nokkur símaviðtöl. Ýmis skrifleg gögn um Vinaleiðina voru einnig skoðuð. Af niðurstöðum má ráða að í meginatriðum hafi framkvæmd Vinaleiðarinnar tekist eins og ætlað var í þeim fjórum skólum sem verkefnið tók til skólaárið 2006-2007. Matið leiðir þó í ljós að ýmislegt hefði mátt betur fara við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Í Garðabæ var ákvörðun um að taka Vinaleiðina inn í skólana tekin af skólastjórnendum og á Álftanesi af skólastjórnendum ásamt sveitarfélaginu Álftanesi í samráði við kirkjuna, áður en starfsemin var kynnt og rædd af öðrum hagsmunaaðilum skólanna. Aðdragandi að Vinaleiðinni var afar stuttur þannig að starfsmönnum skóla og foreldrum virðist hafa gefist lítið svigrúm til þess að kynna sér fyrirhugaða starfsemi. Foreldraráðin fjölluðu t.a.m. ekki formlega um Vinaleiðina áður en ákvörðun var tekin um að þjónustan skyldi boðin. Sérstaða Vinaleiðar sem úrræðis í skólastarfi er á ýmsan hátt óljós og virðist m.a. skarast við störf námsráðgjafa og umsjónarkennara. Haustið 2006 mótmælti foreldri við einn skólann Vinaleiðinni á opinberum vettvangi. Sú gagnrýni snerist um réttmæti þess að íslenska þjóðkirkjan byði þjónustu af þessu tagi í skólunum. Ekki er tekin afstaða til þess hér hvort starfsemi Vinaleiðar brjóti í bága við lög enda skýrsluhöfundar hvorki til þess bærir að kveða upp úr um lagaleg atriði né heldur var matinu ætlað að taka til lögformlegra þátta. Hér er þó bent á svar ráðherra menntamála við fyrirspurn um Vinaleiðina sem vikið er að síðar í skýrslunni.

Reykjavík, nóvember 2007

Steinunn Helga Lárusdóttir  
Meyvant Þórólfsson

## Formáli

---

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á Vinaleiðinni, samstarfsverkefni skóla og kirkju í fjórum grunnskólum Garða- og Bessastaðasókna. Matið var unnið á vegum SRR, Símenntunar Rannsóknar og Ráðgjafar Kennaraháskóla Íslands fyrir bæjarstjórn Garðabæjar, að beiðni verkefnastjórnar Vinaleiðar. Höfundar skýrslunnar eru Steinunn Helga Lárusdóttir og Meyvant Þórólfsson, lektorar við Kennaraháskóla Íslands. Þær Ásdís Hrefna Haraldsdóttir og Sigríður Einarsdóttir, starfsmenn SRR tóku öll viðtöl í einum skóla og tvö í öðrum og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina. Aðra gagnaöflun sáu skýrsluhöfundar um. Katla Kjartansdóttir las próförk að lokahandriti skýrslunnar.

Skýrsluhöfundar þakka starfsfólki Vinaleiðar og skólanna, foreldrum, nemendum, kennurum og öðrum sem lögðu málinu lið, gott samstarf og aðstoð við verkið. Sérstakar þakkir fá skólastjórar skólanna fjögurra fyrir ómetanlega aðstoð við undirbúning og framkvæmd gagnaöflunar á vettvangi.

Reykjavík, nóvember 2007

Steinunn Helga Lárusdóttir

Meyvant Þórólfsson

## Efnisyfirlit

---

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>2. Vinaleiðin, aðdragandi og undirbúningur</b> .....	<b>8</b>
<i>Kynning á Vinaleiðinni</i>	
<i>Fjármögnun</i>	
<i>Starfsmenn Vinaleiðar</i>	
<b>3. Hugmyndafræði og markmið Vinaleiðarinnar</b> .....	<b>10</b>
<i>Tilvísanir í Vinaleiðina</i>	
<i>Samstarfsaðilar starfsmanna Vinaleiðarinnar í skólunum</i>	
<i>Sérstaða Vinaleiðarinnar</i>	
<b>4. Vinaleiðin í skólunum fjórum 2006 - 2007</b> .....	<b>14</b>
<b>4.1 Álftanesskóli</b> .....	<b>14</b>
<b>4.2 Flataskóli</b> .....	<b>18</b>
<b>4.3 Hofsstaðaskóli</b> .....	<b>21</b>
<b>4.4 Sjálandsskóli</b> .....	<b>24</b>
<b>5. Tillögur til umbóta</b> .....	<b>29</b>
<i>Nokkrar forsendur</i>	
<i>Sérstaða Vinaleiðar – óskýr afmörkun</i>	
<i>Foreldraráð</i>	
<i>Andmæli við Vinaleiðina</i>	
<i>Kostun og fjármögnun</i>	
<i>Nokkrar aðrar ábendingar</i>	
<b>Lokaorð</b> .....	<b>39</b>

### Viðaukar

# 1. Inngangur

---

Í ágúst 2007 tók Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf að sér að leggja mat á verkefnið Vinaleiðina, þar sem leitast yrði við að skýra hugmyndafræði þess og markmið, varpa ljósi á kosti og galla og benda á leiðir til umbóta.

Vinaleiðin hófst hérlendis sem samstarfsverkefni kirkju og skóla í Mosfellsbæ.<sup>1</sup> Í því sveitarfélagi er komin átta ára reynsla á verkefnið. Í Garðabæ og á Álftanesi var þjónusta Vinaleiðar boðin í fyrsta sinn skólaárið 2006-2007. Skólarnir sem þar komu við sögu voru Flataskóli, Hofstaðaskóli og Sjólandsskóli í Garðabæ og Álftanesskóli í sveitarfélaginu Álftanesi. Þegar fyrstu drög þessarar skýrslu voru skrifuð var Vinaleiðin starfrækt í tveim þessara skóla, Flataskóla og Álftanesskóla. Þann 25. október sagði djákni starfi sínu við Flataskóla lausu og hætti þegar störfum. Núna er því Vinaleiðin eingöngu starfandi í Álftanesskóla. Í Hofstaðaskóla og Sjólandsskóla var starfseminni hætt vorið 2007. Að sögn skólustjóra þessara skóla er beðið með ákvörðun um framhald þangað til niðurstöður þess mats sem hér er kynnt, liggur fyrir.

Í verksamningi voru markmið með matinu skilgreind á eftirfarandi hátt:

1. Skilgreina og lýsa hugmyndafræði, markmiðum og útfærslu verkefnisins
2. Varpa ljósi á kosti og galla verkefnisins
3. Benda á mögulegar leiðir til umbóta

Tekið var fram að matið skyldi beinast sérstaklega að viðhorfum hagsmunadila skóla til hugmyndafræði og útfærslu Vinaleiðarinnar í skólunum fjórum. Steinunn Helga Lárusdóttir, lektor við Kennaraháskóla Íslands, tók að sér umsjón með verkefninu í samstarfi við Meyvant Þórólfsson, lektor við sama skóla.

Gagnaöflun vegna mats á Vinaleiðinni stóð að mestu yfir á tímabilinu 1. september til 10. október 2007. Upplýsinga um Vinaleiðina var fyrst og fremst aflað með viðtölum við nokkra hagsmunadila skólanna fjögurra. Í öllum skólunum var rætt við skólustjóra og tengilið skólans við Vinaleiðina en misjafnt var hver gegndi því hlutverki. Einnig var rætt við þrjá til fjóra fulltrúa kennara í hverjum skóla. Rætt var við tvö foreldri barna sem höfðu nýtt sér Vinaleiðina á síðasta skólaári. Horfið var frá upprunalegum áformum um að ræða við núverandi nemendur grunnskólanna bæði vegna þess hversu viðkvæm málefni Vinaleiðar eru og vegna ungs aldurs þeirra. Ákveðið var aftur á móti að þiggja boð um að ræða við einn nemanda í 8. bekk Garðaskóla sem nýtt hafði sér þjónustu Vinaleiðar á síðasta skólaári og

---

<sup>1</sup> Nánari upplýsingar um starfið í Lágafellssókn má m.a. fá á slóðinni <http://www.kirkjan.is/kirkjustarf/?safnadarstarf/vinaleid>.

mætti hann ásamt móður sinni í viðtal. Loks var rætt við starfsmenn Vinaleiðar og fulltrúa foreldra í foreldraráðum. Á vinnslutímanum barst nafnlaust bréf frá foreldri í Garðabæ og annað foreldri hafði samband við umsjónarmann matsins. Þriðja foreldrið sendi bréf og gögn og hafði samband símleiðis við mastaðila og fulltrúa SRR og það fjórða sendi sömu aðilum tölvupóst. Loks barst erindi frá fulltrúa Siðmenntar. Í mati skýrsluhöfunda var eingöngu stuðst við gögn sem þeir sjálfir, eða aðstoðarfólk þeirra, öfluðu. Byrjað var á því að ræða við skólastjórana í síma. Tekin voru 37 viðtöl við 33 viðmælendur og má sjá yfirlit yfir þá í töflu 1. Í töflunni er eingöngu getið um þau viðtöl sem beindust sérstaklega að upplýsingaöflun um Vinaleiðina.

**Tafla 1** Viðmælendur við gagnaöflun fyrir mat á Vinaleiðinni

<i>Viðmælendur</i>	<i>Viðtöl á vettvangi</i>	<i>Símaviðtöl</i>
Skólastjórar skólanna fjögurra	4	4
Kennarar/deildarstjórar, 3-4 í hverjum skóla	12	
Námsráðgjafar	1	
Fulltrúar í foreldraráðum	5	4
Foreldrar barna sem höfðu nýtt sér Vinaleið	1	1
Nemandi í Garðaskóla sem hafði nýtt sér Vinaleiðina skólaárið 2006-2007	1	
Djákni	1	
Skólaprestur	1	
Sóknarprestur	1	1
<b>Samtals</b>	<b>27</b>	<b>10</b>

Einnig var stuðst við ýmis skrifleg gögn um Vinaleiðina, svo sem starfs- og siðareglur Vinaleiðarinnar, kynningu á verkefninu, bréf og fréttatilkynningar sem sendar voru fjölmiðlum eða birt í blöðum ásamt mótmælabréfum gegn Vinaleiðinni. Vísað er í þessi gögn neðanmáls eftir því sem ástæða þykir.

Í þessari skýrslu er fyrst gerð grein fyrir gagnaöflun. Þá er í stuttu máli fjallað um aðdraganda þess að Vinaleiðin var tekin inn í skólana. Í þriðja kafla skýrslunnar er fjallað um hugmyndafræði Vinaleiðarinnar eins og hún hefur verið kynnt af starfsmönnum kirkjunnar og í skriflegum gögnum. Fjórði kafli fjallar um framkvæmdina í skólunum fjórum, eins og skýrsluhöfundar skildu hana af gögnum sem aflað var, og í fimmta og síðasta kaflanum benda skýrsluhöfundar á nokkur atriði sem þeir vona að geti nýst til umbóta á núverandi fyrirkomulagi Vinaleiðar verði niðurstaðan sú að bjóða þjónustuna áfram.

## 2. Vinaleiðin, aðdragandi og undirbúningur

---

Hér á eftir verður fjallað í stuttu máli um aðdraganda, undirbúning og útfærslu Vinaleiðar í Garðabæ og á Álftanesi skólaárið 2006-2007.

### ***Kynning á Vinaleiðinni***

Vinaleiðin var kynnt fyrir Garða- og Bessastaðasóknum vorið 2006. Þórdís Ágústdóttir, djákni í Mosfellsbæ sá um kynninguna, að beiðni Jónu Hrannar Bolladóttur, sóknarprests í Garðaprestakalli. Kveikjan að verkefninu var sú að skólaárið á undan höfðu þung áföll ítrekað dunið á sóknarbörnum Garðasóknar og töldu sóknarprestar að með tilkomu Vinaleiðarinnar yrði unnt að efla sálgæslu við börn og unglunga í sókninni<sup>2</sup>

Í framhaldi af kynningarfundinum, vorið 2006, var þjónusta Vinaleiðar kynnt fyrir stjórnendum skólanna í Garðabæ og á Álftanesi. Þeir urðu sammála um að taka þetta verkefni inn í skólana til reynslu skólaárið 2006-2007. Í kjölfarið var Vinaleiðin kynnt fyrir starfsfólki skólanna þegar það kom saman við skólabyrjun í ágúst. Starfsmenn Vinaleiðar kynntu fyrirhugað starf einnig á fundum með foreldrum haustið 2007 og fyrir nemendum þegar þeir mættu í skólann um haustið.

### ***Fjármögnun***

Sóknarprestur, Jóna Hrönn Bolladóttir, tók að sér að leita fjármögnunar til eins árs. Eitt sóknarbornanna í Garðasókn, og aðstandandi barns í Hofsstaðaskóla, lagði verkefninu til stærstan hluta þess fjár sem þurfti til rekstursins þetta fyrsta ár. Til viðbótar var sótt um styrki til kirkjunnar. Þannig má segja að í Garðabæ og á Álftanesi hafi ýmsir aðilar komið að því að kosta verkefnið, þar á meðal þjóðkirkjan, héraðssjóður Kjalarnesprófastsdæmis, Bessastaðasókn, sveitarfélagið Álftanes og síðast en ekki síst, áður nefndur einkaaðili. Framlag Garðabæjar var húsnæðisaðstaða í skólunum.

### ***Starfsmenn Vinaleiðar***

Starfsmenn Vinaleiðar á síðasta skólaári voru tveir, þau sr. Hans Guðberg Alfreðsson skólaprestur og Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir djákni. Þau voru bæði ráðin í 50% starf til eins árs. Hans Guðberg starfaði í Álftanesskóla og Hofsstaðaskóla en Jóhanna Guðrún í Flataskóla og Sjalandskóla. Hans Guðberg lauk guðfræðiprófi árið 2000 og er vígður prestur. Hann vann í tvö ár á meðferðarheimili fyrir unglunga og fjögur ár sem æskulýðsfulltrúi Dómkirkjunnar. Nú er Hans Guðberg í 25% starfi sem starfsmaður Vinaleiðar í Álftanesskóla, 25% starfi hjá Bessastaðasókn og í 50% starfi sem fræðslufulltrúi hjá biskupsstofu. Jóhanna er með BA próf í guðfræði frá árinu 2005 og var vígð sem djákni árið 2006. Á árunum 1998-2001 starfaði hún sem meðferðarfulltrúi í Hlaðgerðarkoti og vann í tvö ár með 6-9 ára börnum í Laugarneskirkju. Eins og fram hefur komið, var djákni í 25% starfi við Vinaleið í Flataskóla

---

<sup>2</sup> Símaviðtal við sr. Jónu Hrönn Bolladóttur, haustið 2007.



til 25. október þegar hún sagði starfi sínu lausu. Djákni hefur umsjón með  
sunnudagaskólanum í Vídalínskirkju í Hafnarfirði en það hefur hún gert sl. tvö ár. Með starfi  
stundar Jóhanna kennsluréttindanáms við Kennaraháskóla Íslands.

### 3. Hugmyndafræði og markmið Vinaleiðarinnar

---

Upplýsingar um Vinaleiðina er að finna í ýmsum skriflegum gögnum svo sem á vef kirkjunnar, skólanna og skólaprests.

Á heimasíðum þeirra skóla sem bjóða Vinaleiðina (sjá kafla 4) og á vef kirkjunnar kemur fram að Vinaleiðin sé framhald þess samstarfs skóla og kirkju, þegar leitað sé til kirkjunnar í tengslum við áföll eða missi. Nánar segir svo: “Vinaleiðin er hluti af stoðkerfi þeirra skóla sem bjóða upp á hana. Til stoðkerfis heyrja skólastjórn, námsráðgjöf, sálfræðiþjónusta, skólahjúkrun og sérkennsla”.<sup>3</sup>

Svipaðar áherslur koma fram í viðtali við skólaprest en hann kveður markmið Vinaleiðar vera það að styrkja bæði skólana og heimilin með því að hlúa að börnunum. Hann segir hugmyndafræði Vinaleiðar falla að þeirri viðleitni kirkjunnar að vera til taks fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Til þess að ná því markmiði hafi verkefnið Vinaleið um sex leiðir að velja:

1. stuðningsviðtöl fyrir börn í skólum
2. stuðningsviðtöl fyrir foreldra og börn í kirkjum
3. eftirfylgd þegar barn hefur orðið fyrir áfalli eða upplifað missi
4. hjálpa börnum að leysa ágreining innan vinnuhópa t.d. með hópavinnu
5. styðja við kennara þegar erfið mál koma upp tengd líðan barnanna
6. hitta bekk þegar einhver úr bekknum hefur orðið fyrir missi<sup>4</sup>

Dæmi um áföll sem skjólstæðingar Vinaleiðar eru studdir í gegnum eru skilnaðir foreldra, andlát ástvina eða alvarleg veikindi. Slík áföll eru þó ekki skilyrði fyrir því að fá aðgang að Vinaleiðinni því fram kemur í máli bæði djákna og skólaprests að Vinaleiðin sé öllum opin og snúist fyrst og fremst um að hjálpa börnum og unglingum í víðum skilningi.

Í kynningu um Vinaleiðina sem, send var inn á heimili í Garðabæ haustið 2006 segir sóknarprestur að Vinaleiðin sé samstarfsverkefni milli skóla og kirkju. Um sé að ræða “sálgæslu og forvarnarstarf innan skóla fyrir börn... í formi einstaklingsviðtala”. Starfið sé unnið af djáknum eða prestum og beinist að því að aðstoða börn og unglinga sem eru að ganga í gegnum erfiða lífsreynslu eins og veikindi, skilnaði foreldra, einelti og missi.<sup>5</sup>

Þessar sömu áherslur koma einnig fram í starfs- og siðareglum Vinaleiðar<sup>6</sup> þar sem jafnframt segir að þjónusta Vinaleiðar felist í því að eiga samleið með barninu, hlusta á það og mæta því á þess eigin forsendum. Í vinnureglunum er þessi þjónusta nefnd *sálgæsla* og sóknarprestur

---

<sup>3</sup> Sjá slóðina [www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is).

<sup>4</sup> Skýrsla skólaprests, Hans Guðbergs Alfredssonar, um Vinaleiðina í Álftanesskóla skólaárið 2006-2007.

<sup>5</sup> Safnaðarblað Garðasóknar haustið 2006, ódagsett.

<sup>6</sup> Sjá t.d. slóðina <http://www.kirkjan.is/gardasokn/>

nefnir hana “aðferð hins góða samtals...Sálgæsla er samtal á forsendum þiggjandans”, eins og segir í dreifibréfi um Vinaleiðina.<sup>7</sup>

Fram kemur í starfsreglum Vinaleiðar og viðtölum við djákna og skólaprest, að þjónustan sé ávallt veitt á forsendum skólans og þeirra barna sem í hlut eiga hverju sinni. Vinaleiðin standi því aldrei alveg sjálfstæð heldur mótist jafnhliða af stefnu viðkomandi skóla og þeim einstaklingum sem vinna með hugmyndafræðina hverju sinni. Starfsreglur Vinaleiðar séu lýsandi fyrir það verklag sem fylgt skuli innan skólanna og þær siðareglur sem lagðar séu til grundvallar í samskiptum barna og starfsmanna Vinaleiðar.

Báðir starfsmenn Vinaleiðar segjast gera sér far um að vera meðal barnanna, vera á þeirra vinnusvæðum þar sem svo háttar, til dæmis í matsal eða úti á skólalóð. Að ýmsu öðru leyti eru starfshættir mismunandi eftir skólum og starfsmönnum. Skólaprestur tekur fyrst og fremst á málefnum einstakra nemenda sem mæta til hans í einkaviðtöl. Hann sinnir ekki hópum nemenda svo sem vegna ósættis í vina- eða vinkvennahópum. Djákni hefur aftur á móti nokkuð gert af því að taka á málefnum hópa, einkum stúlkna, en þó einkum í öðrum þeirra skóla sem hún starfar. Í skýrslum skólaprests og djákna um Vinaleiðina kemur fram að kynjaskipting þeirra sem sækja Vinaleiðina er mismunandi eftir skólum og eru til dæmis stúlkur í meirihluta þeirra sem leita til djáknans í einum skólanum, en drengir eru í miklum meirihluta þeirra sem leita til skólaprestsins. Í öðrum skóla er hlutfallið jafnt.

### ***Tilvísanir í Vinaleiðina***

Svipuðu vinnuferli virðist hafa verið fylgt í öllum skólunum varðandi tilvísanir barna í Vinaleiðina. Að sögn skólaprests og djákna, sækir barn eða foreldri um þjónustu Vinaleiðar. Þeirri meginreglu hefur verið fylgt að leita samþykkis foreldra áður en barn mætir í viðtal. Á þessu eru þó undantekningar og þá eru foreldrar látnir vita strax eftir að viðtal hefur farið fram. Bæði foreldrar og starfsmenn skólanna gáfu dæmi um þetta. Í máli þessara aðila kom fram að hagur barnsins væri í forgrunni og þær aðstæður gætu skapast að réttur barnsins til að nýta sér þjónustuna væri sterkari en réttur foreldris til þess að hafna henni. Einn fulltrúi í foreldraráði taldi t.d. eðlilegt að upp gætu komið mál sem börnin treystu sér ekki til að ræða um við foreldra sína en lægju þungt á þeim. Í slíkum tilvikum væri sjálfsagt að virða rétt barnanna til að nýta sér þá sérfræðiþjónustu sem skólarnir byðu. Annað foreldri barns sem hafði nýtt sér þjónustuna án samráðs við foreldrið kvað aðalatriðið vera að barnið fengi aðstoð og stuðning þegar það leitaði eftir honum. Viðmælendur úr hópi foreldra sögðust enda ekki hafa krafið börn sín skýringa á því hvað þau hefðu rætt í viðtölunum. Börnum sem mæta til viðtals í Vinaleið er gerð grein fyrir að það sem þar fer fram sé trúnaðarmál nema í þeim tilvikum þar sem lögin skylda starfsmenn til að tilkynna barnaverndaryfirvöldum um mál.

---

<sup>7</sup> *Vinaleiðin er kærleiksþjónusta*. Dreifibréf frá sr. Jónu Hrönn Bolladóttur. Sent inn á öll heimili í Garðabæ haustið 2006.

### ***Samstarfsaðilar starfsmanna Vinaleiðar í skólunum***

Skólaprestur og djákni hafa ákveðinn samstarfsaðila innan hvers skóla en þetta samstarf virðist vera í misföstum skorðum. Í einum skóla er það skólastjórinn sem er helsti samstarfsaðilinn, í öðrum er það aðstoðarskólastjórinn, í þeim þriðja er það einn deildarstjóranna og í þeim fjórða er það fyrst og fremst námsráðgjafinn. Nánar er fjallað um þessa þætti í hverjum skóla síðar í skýrslunni.

### ***Sérstaða Vinaleiðarinnar***

Fram hefur komið að Vinaleiðin sé hluti af þeirri stoðþjónustu sem skólarnir veita. Hún komi því til viðbótar við þjónustu sálfræðinga, námsráðgjafa, skólahjúkrunar og sérkennslu. Óhjákvæmilegt virðist að einhver skörun verði á milli þeirrar þjónustu sem þessir aðilar veita. Viðmælendur greinir þó á um það hvort Vinaleiðin sem úrræði, hafi sérstöðu og þá í hverju hún felist og hvort hún skuli teljast ein af stoðunum í stoðkerfi skóla.

Skólaprestur telur að nokkur eðlismunur sé á þjónustu Vinaleiðar og þeirrar sem önnur stoðkerfi skólans, svo sem sálfræðingar og námsráðgjafar bjóði upp á. Sjálfur hefur hann reynslu af meðferðarvinnu og telur sig því hafa góðan samanburð. Hann telur meginmuninn liggja í því að Vinaleiðin sé aldrei meðferðarúrræði, ekki fari fram nein greining, engin meðferðaráætlun sé sett upp, ekki séu sett fram markmið með þjónustunni og ekki haldnar skráðar skýrslur um viðtölin. Sérstaða Vinaleiðar felist í því að hún veiti *sálgæslu*, “Það er þessi samfylgd, að ganga leiðina með manneskjunni, styðja hana...”. Þessi sálgæsla sé ævinlega veitt á forsendum manneskjunnar, alveg sé ljóst að hjálpin, sem boðin er, sé á forsendum barnsins. Djákninn tekur undir öll þessi sjónarmið skólaprests. Bæði djákni og skólaprestur verja drjúgum hluta sinnar viðveru í skólunum til að ræða einslega og í trúnaði við einstaklinga. Þetta er þó aðeins hluti þjónustunnar því eins og fram hefur komið snýst starf Vinaleiðar einnig um að vinna með smærri hópa nemenda. Þessi útfærsla þjónustunnar birtist til dæmis hjá djáknanum sem hefur verið að takast á við ýmis félagsleg vandamál nemenda svo sem ósætti í vinkvennahópum. Í a.m.k. einum skóla virðist lítið svo á að slík þjónusta sé á verkswiði Vinaleiðar. Loks eru dæmi um að skólaprestur veiti foreldrum barna viðtöl og í áður nefndri skýrslu skólaprests kemur fram að kennurum stendur slík þjónusta einnig til boða þótt ekki hafi verið tilgreind dæmi um slík tilvik.

Starfsmenn skólanna greinir nokkuð á um hvað felist í inntaki og framkvæmd Vinaleiðar. Einn skólastjórinn telur að sérstaða Vinaleiðar liggja í því að hún sé “framhald af fyrstu hjálp”. Vinaleiðin komi því sem viðbót við aðra þjónustu við börnin og sé valkostur. Margir kennaranna taka undir þetta sjónarmið en í máli þeirra koma fram nokkur megin sjónarmið. Í fyrsta lagi eru þeir sem telja að Vinaleiðin veiti allt annars konar þjónustu en bæði námsráðgjafi og skólasálfræðingur. Þeir nefna að engin greining eða meðferð fari fram innan Vinaleiðarinnar heldur sé fyrst og fremst verið að ræða við börnin á jafningjagrundvelli. Þeir telja þetta miklu skipta, mikilvægt sé að börnin hafi, í gegnum Vinaleiðina, aðgang að fullorðinni manneskju sem þau geti rætt við í trúnaði. Nútímabörn sækist mikið eftir slíkri samveru við fullorðna enda sé hún af skornum skammti. Í öðru lagi eru kennarar sem telja að

hugmyndafræði og þjónusta Vinaleiðar hafi aldrei verið fyllilega skilgreind og því sé erfitt að átta sig á því um hvað hún snúist. Í þriðja lagi eru þeir sem telja að þjónusta Vinaleiðar taki ekki á öðrum þáttum en þeim sem stoðkerfi skóla hafi ávallt annast og skólarnir því séð um í samvinnu við heimilin. Í fimmta lagi eru þeir sem telja að Vinaleiðin eigi rétt á sér en ekki innan skólanna. Loks eru kennarar sem virðast lítið vita um Vinaleiðina og hafa ekki leitað til hennar um þjónustu fyrir sína nemendur.

Eitt af því sem kennarar virðast sammála um að greini að þjónustu námsráðgjafa og þjónustu Vinaleiðar, er að námsráðgjafi vinni ævinlega að lausn mála í samvinnu við kennara. Þannig sé málum ekki háttáð með starfsmenn Vinaleiðar enda séu þeir bundnir trúnaði við börnin gagnvart öllum öðrum aðilum. Af framansögðu er ljóst að starfsmenn skólanna hafa mismunandi sýn á eðli og mikilvægi þeirrar þjónustu sem Vinaleiðin veitir.

Ef sjónarmið djákna og skólaprests um Vinaleiðina eru tekin saman má segja að þau telji að þjónustan felist í sálgæslu sem beinist að því að veita börnum stuðning með trúnaðarviðtölum. Þar fái börnin tækifæri til að tjá sig á eigin forsendum um það sem á þeim hvílir. Þótt megináherslan sé lögð á stuðning í tengslum við alvarleg áföll í lífi barnanna þá sé þjónustan mun víðari en svo enda undirstrika báðir starfsmenn Vinaleiðar að þjónustan sé fyrir öll börn skólans án tillits til þess hvort þau eigi við sérstaklega skilgreindan vanda að stríða eða ekki.<sup>8</sup> Margir starfsmenn skólanna taka undir framangreind sjónarmið. Aðrir telja þjónustuna mikilvæga en hana eigi ekki að veita innan skólanna. Loks eru þeir sem telja inntak og framkvæmd þjónustunnar óljósa eða bæta litlu við þá þjónustu sem skólarnir veita nú þegar.

---

<sup>8</sup> Þessi sjónarmið koma m.a. fram í kynningu skólaprests á Vinaleiðinni. *Vinaleiðin. Kynning. Sálgæsla barna og unglunga. Sálgæslufræði, námskeið á meistarastigi EHI á vormisseri 2007.*

## 4. Vinaleiðin í skólunum fjórum 2006-2007

---

Aðstæður í skólunum voru misjafnar þegar verkefninu var ýtt úr vör. Í einum skólanum voru mannabreytingar og var t.d. skipt um skólastjóra á miðju skólaárinu. Áherslur í starfi skólanna eru einnig ólíkar og ætla má að starfsemi Vinaleiðar falli því misvel að því starfi sem fyrir var og er í skólunum. Einnig verður ekki hjá því litið að velgengni verkefnis af þessu tagi er að miklu leyti háð þeim einstaklingi sem valinn er sem starfsmaður verkefnisins í hverjum skóla. Aðeins einn starfsmaður sér um þjónustu Vinaleiðar á hverjum stað og því vegur þetta atriði enn meira en ella. Hér á eftir er fjallað stuttlega um Vinaleiðina í hverjum skóla um sig.

### 4.1 Álftanesskóli

Álftanesskóli er eini skólinn utan Garðabæjar sem þetta mat tekur til. Skólinn hét áður Bjarnastaðaskóli en fékk núverandi nafn árið 1978 þegar starfsemin var flutt í nýtt skólahús. Skólinn hefur verið heildstæður frá árinu 1998. Skólastjóri er Sveinbjörn Markús Njálsson. Nemendur skólans eru um 450 og starfsmenn eru 81 í 69 stöðugildum. Skólinn hefur á að skipa námsráðgjafa og sérkennurum og hefur aðgang að talmeinafræðingi og skólasálfræðingi. Við skólann er einnig námsver sem nemendur geta sótt jafnhliða því að stunda námið með sínum árgangi. Skólinn hefur einnig svo nefnt *Skjól* sem er tímabundið neyðarúrræði fyrir þá nemendur sem ekki una sér í bekkjarstofu. Við skólann starfar foreldrafélag og foreldraráð.<sup>9</sup> Við undirbúning matsins var rætt við skólastjóra aðstoðarskólastjóra, þrjá kennara, skólaprest og tvo fulltrúa í foreldraráði.

#### *Kynning á Vinaleið*

Eins og fram hefur komið þá kynnti sóknarprestur starfsemi Vinaleiðar fyrir skólastjórum vorið 2006. Í kjölfarið ræddu skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar málið og ákváðu að þróa verkefnið í Álftanesskóla í samstarfi við kirkjuna á staðnum. Bæjarstjórn Álftaness ákvað að styrkja verkefnið fjárhagslega. Að sögn skólastjóra var litið svo á að Vinaleiðin væri þróunaverkefni til eins árs. Þjónustan var kynnt fyrir starfsmönnum á fyrsta starfsmannafundi í ágúst 2006. Skólaprestur og skólastjóri kynntu verkefnið fyrir foreldrum á aðalfundi foreldrafélagsins um haustið. Að sögn fulltrúa í foreldraráði gerðu foreldrar góðan róm að fyrirhuguðu starfi Vinaleiðar.

#### *Markmið með Vinaleið*

Skólastjóri telur að meginmarkmið Vinaleiðar sé að stuðla að mannrækt í víðum skilningi og að bæta líðan með því að vinna með gildi. Þessar áherslur telur hann að falli algerlega að þeirri stefnu og hugmyndafræði sem lögð sé til grundvallar skólastarfinu í Álftanesskóla. Í skólanum er starfað eftir hugmyndafræðinni um *Uppeldi til ábyrgðar, uppbyggingu sjálfsaga*,

---

<sup>9</sup> Nánari upplýsingar um skólastarfið í Álftanesskóla má m.a. finna á slóðinni <http://www.alftanesskoli.is>.

þar sem lögð er megináhersla á gildin *traust og ábyrgð*. Þessi stefna, sem rakin er til Diane Gossen, er lögð til grundvallar í nokkrum skólum landsins bæði í Reykjavík og úti á landsbyggðinni.<sup>10</sup> Annað meginmarkmið með starfi Vinaleiðar telur skólastjóri vera að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklinga og þetta sé skólum ætlað að gera samkvæmt lögum. Þetta sjónarmið, um þátt Vinaleiðar í því að mæta mismunandi þörfum barnanna, kemur jafnframt fram í viðtölum við alla aðra hagsmunaaðila skólans. Allir viðmælendur leggja jafnframt áherslu á að þjónusta Vinaleiðar sé ævinlega á forsendum skólans og viðtölin á forsendum barnanna.

### ***Samstarfsaðilar skólaprests innan skólans***

Í Álftanesskóla er aðstoðarskólastjóri tengiliður skólaprests við starfið í skólanum. Þann dag sem skólaprestur er í skólanum hittast þeir á morgunfundi og fara yfir þau mál sem liggja fyrir. Þetta telur skólaprestur afar mikilvægt, aðstoðarskólastjóri hafi yfirsýn yfir skólastarfið og stoðþjónustu skólans. Skólaprestur vinnur einnig með námsráðgjafa og halda þau reglulega fundi. Aðstoðarskólastjóri tekur þó fram að ekki sé verið að blanda saman úrræðum. Þeirri meginreglu sé fylgt að sami nemandi sé ekki samtímis að nýta sér mismunandi sérfræðileg úrræði. Skólaprestur situr ekki fundi nemendaverndarráðs. Sú ákvörðun var tekin sameiginlega af yfirstjórn skólans, öðrum fulltrúum stoðkerfis skólans og skólapresti. Þetta skipulag í heild sinni telur skólaprestur og aðrir viðmælendur að henti vel í Álftanesskóla.

### ***Umfang starfsins á síðasta ári***

Á síðasta skólaári var því vinnuferli fylgt sem lýst var í fyrsta kafla skýrslunnar. Þeirri meginreglu var fylgt að nemendur í 1.-7. bekk höfðu fengið samþykki foreldra áður en þeir leituðu til Vinaleiðar en eldri nemendur gátu nýtt sér þjónustuna milliliðalaust. Á þessu hausti var tekið upp það nýmæli að senda bréf til foreldra og gefa þeim kost á að hafna þjónustunni. Áfram verður þó haft samband við foreldra áður en barni er vísað til starfsmanns Vinaleiðarinnar. Fjórir til fimm foreldrar nýttu sér þann rétt. Að sögn aðstoðarskólastjóra geta umsjónarkennarar barna nú leitað beint til skólaprests fyrir hönd sinna nemenda hafi foreldrar þeirra ekki hafnað henni. Þeirri vinnureglu verður þó áfram fylgt að tilkynna foreldrum um viðtölin.

Í skýrslu skólaprests um starfsemi Vinaleiðar í Álftanesskóla kemur fram að 24 nemendur mættu í formleg viðtöl í Vinaleið á síðasta skólaári. Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir fjölda þeirra og dreifingu eftir kynjum.

**Tafla 2** Fjöldi nemenda sem fóru í viðtöl í Álftanesskóla skólaárið 2006-2007

Fjöldi nemenda	Stúlkur	Drengir	Fjöldi viðtala
24	8	16	
			<b>93</b>

<sup>10</sup> Sjá t.d. bókina *Uppeldi til ábyrgðar* eftir Diane Gossen sem gefin var út í íslenskri þýðingu af Sunnuhvoli árið 2007.

Til viðbótar formlegum viðtölum voru óformleg viðtöl þ.e.a.s á göngum skólans og úti í matsal. Skólaprestur kallar þessi viðtöl “óformlega sálgæslu” þ.e.a.s. sá sem sinnir sálgæslu barnsins er viðstaddur og auðvelt að ná tali af honum/henni. Í Álftanesskóla stendur foreldrum skólabarna til boða að ræða við skólaprestinn og nokkrir þeirra hafa nýtt sér þetta. Starfsfólki stendur sama þjónusta til boða.<sup>11</sup>

### ***Fjármögnun***

Álftanesskóli hefur ekki kostnað af Vinaleiðinni. Á síðasta skólaári, 2006-2007, lagði sveitarfélagið skólanum til kr. 500 000 en gerir það ekki á yfirstandandi skólaári. Kirkjan lagði verkefninu til sömu upphæð. Aðstoðarskólastjóri kvað skólanum of þröngur stakkur skorinn til þess að geta fjármagnað þjónustu Vinaleiðar af eigin fé. Núna er verkefnið fjármagnað af Bessastaðasókn.

### ***Reynslan af Vinaleiðinni***

Skólastjóri telur að reynslan af Vinaleið sé afar góð. Hvorki hafi verið gerðar athugasemdir við starfið né yfir því kvartað. Undir þetta taka bæði skólaprestur og aðstoðarskólastjóri, hvorugt þeirra hefur orðið vart við óánægju vegna starfsemi Vinaleiðar. Skólaprestur telur að þetta kunni að einhverju leyti að skýrast af því að allir hafi lagt sig fram um að virða foreldraréttinn.

Aðstoðarskólastjórinn telur reynsluna sýna að mikil þörf sé á þjónustu Vinaleiðar svo sem þegar mikil veikindi hafi verið á heimilum barnanna. Þá veiti Vinaleiðin stuðning jafnt inni í skólanum sem við heimilin. Á síðasta skólaári hafi enda komið í ljós að eftirspurnin eftir þjónustu skólaprests hafi verið meiri en hann fékk annað.

Foreldraráði skólans bárust engar kvartanir eða erindi vegna Vinaleiðar. Foreldrafulltrúi kvað þjónustu Vinaleiðar vera af hinu góða, hún kæmi sem mikilvæg viðbót við aðra stoðþjónustu skólans. Annar foreldrafulltrúi kvaðst treysta því að ekki væri um boðun að ræða enda hefði slíkt hvergi komið fram í kynningum á starfinu.

Þeir þrír kennarar sem rætt var við höfðu allir góða reynslu af Vinaleiðinni fyrir hönd sinna nemenda. Þeir telja að Vinaleiðin snúist fyrst og fremst um að veita barni áheyrn, veita því tækifæri til að tjá sig um hvaðeina sem á því kunni að hvíla. Þessu sé öfugt farið með vinnu sálfræðinga þar sem unnið sé markvisst að fyrirfram settum markmiðum í samræmi við greiningu. Kennarar hafi einnig takmarkaðan tíma til að ræða einslega við börn sem hafa þörf fyrir að tjá sig við fullorðinn einstakling og sama máli gegni um sérfræðinga á borð við sálfræðinga og námsráðgjafa. Allir kennararnir leggja áherslu á að vegna þess að Vinaleiðin sé öðruvísi úrræði en þau sem fyrir eru þá geti skólinn komið til móts við hinar ólíku þarfir nemenda. Einn þeirra bendir jafnframt á að sálgæsla af því tagi sem skólaprestur veiti sé ekki

---

<sup>11</sup> Skýrsla skólaprests, Hans Guðbergs Alfreðssonar, um Vinaleiðina í Álftanesskóla skólaárið 2006-2007.



á færi kennara en skólapresturinn sé sérmenntaður til slíkar þjónustu. Kennarar Álftanesskóla eru því sammála um að Vinaleiðin sem valkostur, auki bæði við umfang og tegund þeirrar þjónustu sem börnin fá í skólanum. Kennararnir höfðu hvorki heyrt af andstöðu við þjónustuna né heldur höfðu þeim borist kvartanir. Þegar einn kennarinn var spurður hvort hann vildi koma einhverju sérstöku á framfæri varðandi Vinaleiðina var svarið: „Auka starfshlutfallið hjá manningnum“.

### ***Framtíð Vinaleiðar í Álftanesskóla***

Skólaprestur telur að starfi Vinaleiðar verði fram haldið í Álftanesskóla svo lengi sem hún nýtist skólastarfinu, að öðrum kosti verði henni sjálfhætt enda séu þá forsendur fyrir starfinu þar brostnar. Foreldraráðsfulltrúi kveðst hafa heyrt í mörgum foreldrum sem telji Vinaleiðina vera “frábært framtak” og að tvímælaust eigi að bjóða þessa þjónustu áfram. Að mati þessa foreldris væri fráleitt ef sá yfirgnæfandi meirihluti foreldra sem eru skráð í þjóðkirkjuna ætti að verða af þjónustu Vinaleiðar fyrir sín börn vegna þess að líttill minnihluti er henni andvígur. Aðstoðarskólustjóri teldi æskilegt að starfshlutfall skólaprestsins yrði aukið og “að hann yrði hér flesta daga” vegna þess hversu mikil eftirspurnin eftir þjónustu hans er og þeirrar jákvæðu reynslu sem þegar hafi fengist af starfinu.

### ***Sérstaða Álftanesskóla gagnvart Vinaleiðinni***

Við gagnaöflun kom fram að viðmælendur í Álftanesskóla nálgast þjónustu Vinaleiðarinnar með opnum huga. Skólustjóri sagði t.d. að ekki skipti meginmáli hvaða trúarsöfnuður veitti Vinaleið forsjá svo lengi sem þjónustan væri veitt á sambærilegum forsendum og nú er. Kennari sagðist hafa mikinn skilning á því sjónarmiði að aðkoma þjóðkirkjunnar að skólastarfinu fæli í sér mismunun á grundvelli trúar. “Það er kannski þetta sem þvælist fyrir Vinaleiðinni þótt það þvælist ekki fyrir mér”. Sami kennari taldi fátt mæla gegn því að fulltrúar annarra trúarhópa svo sem Búddisma, byðu sambærilega þjónustu. Fulltrúi í foreldraráði sagðist telja “sama hvaðan gott kæmi” og ef þjónustan styddi við nemendur, foreldra og skóla þá bæri að halda henni áfram. Þessi fulltrúi kvaðst ekki vita til að önnur trúfélög eða samtök á borð við Siðmennt hefðu boðið skólunum sambærilega þjónustu. Bæði skólaprestur og skólustjóri bentu einnig á að í skólahverfinu væru börn sem stæðu utan þjóðkirkjunnar. Þeim stæði þjónusta Vinaleiðar til boða á við aðra nemendur. Skólaprestur taldi að sín menntun ætti einmitt að tryggja að hann gæti mætt börnunum þar sem þau væru án tillits til þeirra trúarafstöðu. Greinilegt er að allir þessir hagsmunaðilar Álftanesskóla telja Vinaleiðina geta stuðlað að bættri þjónustu skólans við nemendur.

### ***Samantekt***

Þeir hagsmunaðilar Álftanesskóla sem tjáðu sig um Vinaleiðina eru sammála um að Vinaleiðin hafi sannað sig sem góður valkostur og viðbót við aðra stoðþjónustu í skólanum. Starfsmenn skólans voru einnig sammála um að það starf sem skólapresturinn hefði unnið væri framúskarandi gott og lögðu áherslu á að þar réði bæði fagleg hæfni og persóna þess einstaklings sem starfinu gegndi mestu. Af gögnum má því ráða að almenn ánægja sé með

starfsemi Vinaleiðar og að starfsmenn líti á hana sem mikilvæga viðbót við aðra stoðþjónustu í Álftanesskóla.

## 4.2 Flataskóli

Flataskóli er elsti skóli Garðabæjar, tók til starfa árið 1958 sem Barnaskóli Garðahrepps. Við skólann starfa nú um 70 manns, þar af 40 kennarar og 30 aðrir starfsmenn. Skólastjóri er Sigurveig Sæmundsdóttir. Við Flataskóla stunda 313 nemendur nám í 1. - 7. bekk. Í skólanámskrá er svo komist að orði að hver nemandi hafi sinn umsjónarkennara sem fylgist náði með námi, líðan og þroska hans, hann sé tengiliður milli heimila og skóla og beri ábyrgð á því samstarfi af hálfu skólans.

Skólastjóri og námsráðgjafi hafa verið helstu samstarfsaðilar við fulltrúa Vinaleiðarinnar. Við mat á verkefninu var rætt við skólastjóra, deildarstjóra eldra stigs, námsráðgjafann, þrjá kennara, eitt foreldri, einn nemanda og þrjá fulltrúa foreldraráðs.<sup>12</sup>

### *Kynning á Vinaleið*

Skólastjóri segist hafa fengið boð um fund frá prestinum um áhugavert verkefni, Vinaleiðina. Hún fór ásamt námsráðgjafa til fundarins, en þar mættu fulltrúar frá fjórum skólum. Djákni frá Mosfellsbæ, sem hafði stýrt verkefninu þar, rakti um hvað það snerist en þar kom m.a. fram að áttunda starfsárið væri að hefjast þar. Þetta þótti strax áhugavert verkefni sem vert væri að reyna. Umræður fóru fram um framkvæmd, hverjir sæju um verkefnið, um hugsanleg vandamál, t.d. hvort það stríddi gegn lögum, hvort búast mætti við mótbárum frá hendi foreldra o.fl. Djákninn frá Mosfellsbæ svaraði öllum slíkum spurningum og þótti ljóst að þessi þjónusta myndi gagnast sem viðbót við aðra stoðþjónustu. Hér væri einkum um að ræða úrræði til að mæta þörfum barna sem ættu við sorg, missi eða einsemd að stríða, það tengdist einnig stuðningi vegna veikinda í fjölskyldum. Kynningin þótti bæði upplýsandi og uppbyggjandi. Skólastjóri og námsráðgjafi kynntu verkefnið á kennarafundi og á fundi með stjórn foreldrafélagsins og foreldraráði og djákninn fór inn á starfsmannafund í september og kynnti verkefnið. Einnig voru upplýsingar um verkefnið settar á heimasíðu skólans.

Kennari segir verkefnið hafa verið kynnt vel í upphafi, en þó með skömmum fyrirvara áður en það hófst: „...virkaði eins og þessu væri skellt yfir okkur“, kennarar hafi ekki verið spurðir álits, heldur hafi verið sagt að þetta hefði verið ákveðið.

### *Markmið með Vinaleið*

Af viðtölum við stjórnendur og kennara má ráða að hugmyndir þeirra um markmið Vinaleiðarinnar séu e.t.v. ekki nógu skýrar. Þó er það skýrt að um er að ræða einstaklingsþjónustu þar sem reynt er að mæta þörfum barna sem eiga við einsemd, sorg eða

---

<sup>12</sup> Nánari upplýsingar um skólastarfið í Flataskóla má m.a. finna á slóðinni <http://www.flataskoli.is>.

önnur persónuleg vandamál að stríða. Það eru einkum kennarar sem virðast ekki nógu meðvitaðir um verkefnið, markmið þess eða siðareglur.

### ***Umfang starfsins á síðasta ári***

Í skýrslu skóladjákna um starfsemi Vinaleiðar í Flataskóla kemur fram að starf hennar hafi hafist 14. september. Hún kynnti starfið í öllum bekkjum, en fyrsta formlega viðtalið átti sér stað 28. september. Djákni segist auk þess hafa dvalið með börnunum í matsal, þar sem tónmenntakennslan fór fram, úti á skólalóð og einnig með yngsta stiginu í Krakkakoti eftir að skólatíma lauk. Hún segist hafa fylgt þeirri ósk stjórnenda skólans að taka lítil skref og þróa starfið rólega eftir að fjölmiðlaumfjöllun um það hófst vegna andmæla gegn Vinaleiðinni. Hún segir að átta börn hafi komið í formleg viðtöl til sín yfir skólaárið (sjá töflu 2). Þar af komu tvö einu sinni, eitt kom tvisvar, tvö þrisvar, eitt fjórum sinnum, tvö fimm sinnum og eitt tíu sinnum. Alltaf var um að ræða einstaklingsviðtöl nema í einu tilviki þegar tveir drengir komu saman að þeirra ósk.

**Tafla 2** Fjöldi nemenda sem fóru í viðtöl í Flataskóla skólaárið 2006-2007

Fjöldi nemenda	Stúlkur	Drengir	Fjöldi viðtala
8	4	4	
<b>Samtals</b>			<b>34</b>

Af þeim sem leituðu þjónustunnar var eitt barn úr 3. bekk, úr 4. bekk þrjú börn, úr 5. bekk þrjú og úr 7. bekk kom eitt barn. Sjö barnanna komu að beiðni foreldra, en eitt kom að eigin frumkvæði. Ástæður voru m.a. samskiptaerfiðleikar, skilnaðir og fleira ótilgreint.<sup>13</sup>

### ***Fjármögnun***

Flataskóli lagði ekki fram fé til Vinaleiðarinnar á síðasta skólaári frekar en hinir skólarnir. Starfið var kostað af einkaaðila og af rekstrarfé kirkjunnar. Í einu viðtali kemur fram að fjármagn skólans til stoðþjónustu mætti vera meira og ef til tals kæmi að skólinn ætti að fjármagna slíka þjónustu, þá ætti að verja fénu í aukið starfshlutfall sálfræðings, stuðning við kennara og sambærilega þjónustu fremur en verkefni eins og Vinaleiðina.

### ***Reynslan af Vinaleiðinni í Flataskóla***

Margir starfsmenn telja að fjölmiðlaumfjöllun um Vinaleiðina hafi haft letjandi áhrif á starfsemina. Kennarar hafi t.d. haldið að sér höndum og ekki viljað vekja athygli nemenda og foreldra á henni. Starfsmaður Vinaleiðarinnar sat nemendaverndarráðsfundi í byrjun, en gerðar voru athugasemdir við þetta og var því horfið var frá þessu fyrirkomulagi. Djákninn átti hins vegar gott samstarf við námsráðgjafann og þjónustan þróaðist þannig. Skólastjóri segir að vissulega taki námsráðgjafinn mál sem tengist námi og félagslegum samskiptum, en

<sup>13</sup> Skýrsla djákna, Jóhönnu Guðrúnar Ólafsdóttur, um Vinaleiðina í Flataskóla skólaárið 2006-2007.

strax í upphafi hafi það verið rætt að sumt myndi skarast, starfsmaður Vinaleiðarinnar (djákninn) tæki að sér sum einstaklingsmál.

Kennari nefnir að djákninn hafi m.a. verið úti í frímínútum og lagt sig fram um að tala við nemendur sem virtust einmana, það hafi verið “frábært”. Bent var á þann veikleika þessa úrræðis að starfsmaðurinn hafi ekki verið við í skólanum nema einu sinni í viku. Hjá kennurum kemur jafnframt fram að óheppilegt sé að kirkjan standi þarna að baki: „Kirkjan á að bjóða upp á úrræði í kirkjunni sjálfri“, segir einn kennari og einnig er það nefnt að starfsheitið djáknir virki fremur neikvætt. Loks er það nefnt að djákninn hefði mátt kynna sig og starf sitt betur en raunin varð. ”Er þeirrar skoðunar að hún mætti kynna starf sitt og stöðuna annað slagið”. Fram kemur að hún hafi haldið sig svolítið til hlés og „stigið létt til jarðar“ sem hafi reyndar verið kostur, enda aldrei orðið vart við andstöðu gegn henni meðal starfsfólks. Einn kennari segir að gott sé að hafa fleiri úrræði, einmitt starfsmenn sem ekki stjórnast af “bjöllunni”. Viðhorf þeirra foreldra sem rætt var við voru mismunandi. Annars vegar kom fram það sjónarmið að Vinaleiðin ætti ekki erindi inn í skólana enda eigi ekki að “blanda trúarstarfi saman við skólastarf”. Hins vegar ríkti ánægja með Vinaleiðina í skólanum, enda væri hún stuðningur við þá þjónustu sem skólinn veitti nú þegar.

### ***Framtíð Vinaleiðar í Flataskóla***

Þegar skólastarf hófst nú í haust fór skólastjóri til fundar með sóknarpresti til að ræða framtíð verkefnisins. Fyrsta niðurstaða þess fundar var að halda ekki áfram með verkefnið fyrr en mat á því lægi fyrir. Þar sem ekkert hafði komið upp í Flataskóla á borð við það sem gerðist vegna mótmælis eins foreldris í Hofsstaðaskóla, þótti við nánari athugun rétt að halda verkefninu áfram. Ákveðið var að senda út bréf til allra foreldra og óska eftir ábendingum frá þeim sem ekki hygðust nýta sér þjónustuna. Jafnframt var ákveðið að vera vel vakandi yfir því sem færi fram og tryggja starfinu góðan farveg.

### ***Sérstaða Flataskóla gagnvart Vinaleiðinni***

Af viðtölum og öðrum gögnum má ráða að Vinaleiðin hafi hugsanlega ekki verið nógu vel rædd og kynnt í upphafi. Einn kennari komst svo að orði að verkefnið hafi „ekki verið nógu vel skilgreint“ og ekki sé hægt að skilja þetta öðru vísi en svo að þau mál sem þar hafi lent eigi allt eins heima á borði námsráðgjafa. Í viðtölum kemur einnig fram að nauðsynlegt sé að bæta aðstöðu Vinaleiðarinnar í skólanum og helst að hafa starfsmann hennar meira en einn dag í viku og gera hann virkari þátttakanda í skólastarfinu en verið hefur. Í ljósi þessa virðist sem hyggilegt hefði verið að gera verkefnið vel sýnilegt öllum og kynna reglulega hvernig það hefði gengið fyrir sig.

### ***Samantekt***

Ljóst er að verkefni á borð við Vinaleiðina fellur að stoðkerfi skólans, en huga þarf vel að ýmsum þáttum sem tengjast starfsemi þess. Þar er fyrst til að nefna kynningu og skilgreiningu á verkefninu, hugmyndafræði þess, markmiðum og starfsreglum. Hugsa þarf vel að því að

starfsmaður Vinaleiðarinnar kynni sig og starf sitt betur en raun ber vitni meðal starfsmanna skólans annars vegar og hins vegar meðal nemenda og foreldra.

Greinilegt er að nokkurra efasemda gætir meðal viðmælenda um gildi verkefnisins. Þetta helgast m.a. af því að um er að ræða þjónustu á vegum kirkjunnar og starfsmaður hennar er djákni í starfi hjá kirkjunni. Einnig kemur fram sú skoðun að við skólann séu fagaðilar fyrir og þeir sinni verkefnum af því tagi sem Vinaleiðin virðist beinast að. Við nánari athugun og umhugsun ýmissa viðmælenda kemur þó fram að í skólastarfi komi annað slagið upp aðstæður þar sem heppilegt sé að hafa aðgang að starfsmanni Vinaleiðarinnar. Dæmi um slíkar aðstæður eru þegar fyrir koma áföll af einhverju tagi. Sá megingalli sé þó á framkvæmdinni að starfsmaður Vinaleiðar sé einungis einu sinni í viku í skólanum og því ekki tryggt að þjónustan nýtist þegar þörfin sé brýnust.

### **4.3 Hofsstaðaskóli**

Í Hofsstaðaskóla eru 386 nemendur í 1.-7. bekk. Skólastjóri er Margrét Harðardóttir og tók hún við af Hilmari Ingólfssyni um mitt skólaárið 2006-2007. Starfsmenn, kennarar, stjórnendur og aðrir starfsmenn eru tæplega 70. Við skólann starfa námsráðgjafi og sérkennarar, auk talmeinafræðings, sálfræðings og hjúkrunarfræðings í hlutastarfi. Við skólann er foreldrarfélag og foreldraráð. Við undirbúning matsins var rætt við skólastjóra og deildarstjóra á eldra stigi, tvo kennara og námsráðgjafa. Loks var rætt við tvo fulltrúa í foreldraráði í síma.<sup>14</sup>

#### **Kynning á Vinaleið**

Eins og fram hefur komið tók núverandi skólastjóri við starfinu í ársbyrjun 2007. Þá hafði þjónusta Vinaleiðarinnar verið í boði við skólann frá haustinu 2006. Kynningin á verkefninu hafði þá þegar farið fram með svipuðum hætti og í hinum skólunum.

#### ***Samstarfaðilar skólaprests innan skólans***

Helsti samstarfsaðili skólaprests í Hofsstaðaskóla var deildarstjóri við skólann. Hann starfaði einnig náið með námsráðgjafanum en lítið með sálfræðingnum. Námsráðgjafi kvað mest vera leitað til sín með vandamál á borð við félagsfærni hjá yngri börnunum en vegna námserfiðleika hinna eldri. Námsráðráðgjafi kvaðst hafa leitað talsvert eftir samstarfi við skólaprestinn og þau hefðu náð vel saman við úrlausn ýmissa mála. Sjálf sagðist hún ekki hafa komið að áfallamálum nemenda og hefðu þau verið á hendi skólaprestins. Fyrir hafi komið að sami nemandi hafi verið hjá 3-4 mismunandi aðilum samtímis og slíkt kalli á vandamál ef samstarf milli aðila sé ekki náið og gott. Skólaprestur sat ekki nemendaverndarráðsfundi skólans.

#### ***Umfang starfsins á síðasta ári***

---

<sup>14</sup> Nánari upplýsingar um skólastarfið í Hofsstaðaskóla má m.a. finna á slóðinni <http://www.hofsstadaskoli.is>.

Í skýrslu skólaprests um starfsemi Vinaleiðar í Hofsstaðaskóla kemur fram að 35 nemendur hafi mætt í formleg viðtöl í Vinaleið á síðasta skólaári. Í töflu 3 má sjá yfirlit yfir fjölda þeirra og dreifingu eftir kynjum.

**Tafla 3** Fjöldi nemenda sem fóru í viðtöl í Hofsstaðaskóla skólaárið 2006-2007

Fjöldi nemenda	Stúlkur	Drengir	Fjöldi viðtala
35	25	10	
<b>Samtals</b>			<b>73</b>

Til viðbótar formlegum viðtölum ræddi skólaprestur óformlega við nemendur á göngum skólans og í matsal. Eins og fram hefur komið nefnir skólaprestur þetta óformlega sálgæslu þ.e.a.s. þegar sá sem sinnir sálgæslu barnsins er viðstaddur og auðvelt er að ná tali af honum/henni.<sup>15</sup>

Fram kemur hjá skólapresti að öll börnin/unglingarnir hafi haft samþykki foreldra til að sækja Vinaleið. Ekki var á hinn bóginn farin sú leið í Hofsstaðaskóla að bjóða foreldrum að hafna þjónustunni fyrirfram í upphafi árs. Leiðir nemenda inn í Vinaleið voru fyrst og fremst þrjár. Í sumum tilvikum hafi umsjónarkennari ráðlagt foreldrum að leita til Vinaleiðar, í öðrum tilvikum hafi foreldrar sjálfir leitað til skólaprests og beðið hann að ræða við börn sín og í enn öðrum tilvikum hafi börnin sjálf óskað eftir að ræða við skólaprestinn.

### **Fjármögnun**

Hofsstaðaskóli hafði ekki kostnað af Vinaleiðinni á síðasta skólaári frekar en hinir skólarnir.

### **Reynslan af Vinaleið**

Starfsmönnum Hofsstaðaskóla, jafnt stjórnendum sem kennurum, bar saman um að starf Vinaleiðar við skólann hafi gengið mjög vel. Skólapresturinn hafi gert sér far um að ná til nemenda, vera vinur þeirra og skapa traust milli sín og þeirra og þetta hafi tekist. Skólastjóri telur að skólaprestur hafi í hvívetna leitast við að sinna starfi sínu vel og engum hafi dulist áhugi hans á starfinu. Ekki hafi þó verulega reynt á krafta skólaprestsins vegna þess að engin alvarleg áföll hafi komið upp í nemendahópnum. Einn kennarinn nefndi að þjónusta skólaprests hafi nýst á margvíslegan hátt og þess hafi jafnvel verið dæmi að heilir bekkir hafi óskað eftir því að ræða við hann. Aðilar eru sammála um að skólaprestur hafi fljótt orðið hluti af starfsmannahópi skólans enda hafi allir átt við hann gott samstarf. Sjálfur telur skólaprestur að starfið í Hofsstaðaskóla hafi gengið mjög vel og lætur vel af samstarfi sínu við jafnt nemendur sem starfsmenn. Hann hafi verið vel staðsettur í skólanum og verið með skrifstofu í aðalrými skólans þar sem bæði nemendur og foreldrar áttu greiðan aðgang að honum.

<sup>15</sup> Skýrsla skólaprests, Hans Guðbergs Alfreðssonar, um Vinaleiðina í Hofsstaðaskóla skólaárið 2006-2007.

Foreldraráðsfulltrúar kváðu Vinaleiðina hafa verið gagnlega viðbót við aðra þjónustu sem skólinn veitti. Fram kom að borist hefði kvörtun frá einu foreldri en að þeirra mati eru aðrir foreldrar annað hvort jákvæðir eða hlutlausir. Skólaprestur telur þó að verklag við framkvæmd Vinaleiðar ekki hafa verið nógu skýrt og ekki hafi tekist að koma starfinu í nógu fastan farveg. Ein af ástæðum þess hafi verið sá mikli órói sem varð vegna mótmæla eins foreldris við skólann og sú mikla fjölmiðlaumfjöllun sem fylgdi í kjölfarið. Nánar er fjallað andmæli þessa foreldris við Vinaleiðina aftar í skýrslunni. Í þeirri umfjöllun telur skólaprestur að ómaklega hafi verið að sér og sinni persónu vegið. Skólastjóraskiptin sem urðu í Hofsstaðaskóla um mitt skólaár hafi svo veikt stöðu Vinaleiðar enn frekar. Viðmælendur úr hópi kennara telja að atлага umrædds foreldris og sú umfjöllun sem hafi fylgt í kjölfarið hafi verið “óheppilegt niðurbrot” á þjónustu sem reyndist afar vel.

### ***Framtíð Vinaleiðar í Hofsstaðaskóla***

Í viðtali við skólastjóra kemur fram að hún telur ekki rétt að halda áfram með Vinaleiðina í Hofsstaðaskóla enda sé sú þjónusta ekki sniðin að allra þörfum “í skóla fyrir alla”. Deildarstjóri við skólann og tengiliður við skólaprest telur á hinn bóginn brýnt að Vinaleiðin verði starfrækt áfram en betur færi á því að þjónustan yrði veitt í safnaðarheimili kirkjunnar og þá helst alla daga vikunnar. Þjónusta Vinaleiðar sé þess eðlis að hún þurfi að vera stöðug. Kennarar benda á að þótt Vinaleiðin hafi reynst vel þá komi hún ekki í stað annarrar brýnnar þjónustu á borð við þá sem t.d. námsráðgjafar veita. Ef kirkjan eða einhver annar aðili væri, á hinn bóginn, reiðubúin að fjármagna Vinaleiðina þá væri slíkt „æðislegt“, eins og einn kennarinn orðaði það. Námsráðgjafinn taldi að viðhorf og virkni þess sem veitir þjónustu Vinaleiðar skipti meira máli en menntun eða starfsheiti.

### ***Sérstaða Vinaleiðar í Hofsstaðaskóla***

Starfsmenn og skólaprestur eru sammála um að starf Vinaleiðar skólaárið 2006-2007 hafi gengið mjög vel. Þrátt fyrir hörð mótmæli eins foreldris og óvægna fjölmiðlaumfjöllun sem beindist að Vinaleið og starfsmönnum hennar hafi Vinaleiðin verið mikið sótt og skilað árangri inn í skólasamfélagið. Starfsemi Vinaleiðar í Hofsstaðaskóla var hætt vorið 2006 en að sögn skólastjóra er beðið með ákvörðun um framhald þangað til niðurstöður þess mats sem hér er kynnt, liggur fyrir.

Minnt er á að það var fyrrum skólastjóri Hofsstaðaskóla sem tók ákvörðun um að bjóða þjónustuna. Hann virtist vera sannfærður um ágæti Vinaleiðar og barðist fyrir því á opinberum vettvangi að þjónustan yrði áfram í boði. Þessi skólastjóri hætti um áramótin 2006, á miðju skólaári og við tók skólastjóri sem hefur aðra sýn á þjónustuna. Báðir skólastjórnir eru eigi að síður sammála um ágæti þeirrar þjónustu sem Vinaleiðin veitti en núverandi skólastjóri dregur réttmæti þess í efa að bjóða hana innan veggja skólans.

### ***Samantekt***

Þeir hagsmunaðilar Hofsstaðaskóla sem tjáðu sig um Vinaleiðina eru sammála um að Vinaleiðin hafi sannað sig sem góður valkostur og viðbót við aðra stoðþjónustu í skólanum. Starfsmenn skólans voru einnig sammála um að það starf sem skólapresturinn hefði unnið væri framúrskarandi gott og lögðu áherslu á að þar réði mestu fagleg hæfni og persóna þess einstaklings sem starfinu gegndi. Af gögnum má því ráða að starfsemi Vinaleiðar hafi sannað sig sem gagnlegur kostur og mikilvæg viðbót við aðra stoðþjónustu í Hofsstaðaskóla.

## **4.4 Sjálandsskóli**

Sjálandsskóli hóf starfsemi sína árið 2005 og er þannig yngstur þeirra skóla sem hér er fjallað um. Í skólanum eru nú um 110 nemendur í 1.-7. bekk, en starfsmenn eru 22. Stjórnskipulag skólans er frábrugðið hinna að því leyti að engir deildarstjórar starfa við skólann heldur deila kennarar þessari ábyrgð og stjórnun sín á milli. Vegna smæðar sinnar hefur skólinn ekki á að skipa námsráðgjafa. Á síðasta ári starfaði sérkennari í 80% starfi við skólann en nú eru þar tveir sérkennarar í samtals 150% starfi. Einnig starfa þar skólasálfræðingur og talmeinafræðingur í 10% starfi hvor og tveir þroskaþjálfarar í 100% starfi sem veita kennurum m.a. aðstoð við atferlisþjálfun nemenda. Við skólann starfa foreldrafélag og foreldraráð. Við undirbúning matsins var rætt við skólastjóra, fjóra kennara, djákna og tvo fulltrúa í foreldraáði.<sup>16</sup>

### ***Kynning á Vinaleið***

Eins og fram hefur komið þá kynnti sóknarprestur starfsemi Vinaleiðar fyrir skólastjórum vorið 2006. Skólastjóri sagðist strax hafa hrifist af hugmyndinni og hafa séð mikilvægi þessarar þjónustu fyrir börn sem hefðu lent í hvers konar áföllum. Á sínum fyrri vinnustað hafði skólastjóri einnig kynnst því hvernig heimili, skóli og kirkja sameinuðu krafta sína. Í ágúst kynnti skólastjóri starfsemi Vinaleiðar fyrir starfsmönnum Sjálandsskóla og í september á fundum hjá foreldraráði og foreldrafélaginu. Í október 2006 var tekin sú ákvörðun að senda kynningarbréf heim til foreldra og hafi verið litið á þetta sem “upplýsta höfnun” eins og skólastjóri komst að orði. Skólastjóri kvað 4-5 foreldri hafa nýtt sér þann rétt að hafna þjónustu Vinaleiðar. Djákni kvaðst hafa verið með stutta kynningu á Vinaleiðinni fyrir starfsmenn og einnig hafi hún farið inn á svæði barnanna og kynnt þeim fyrirhugað starf.

### ***Markmið með Vinaleið***

Skólastjóri telur að Vinaleiðin gegni fyrst og fremst því tvíþætta hlutverki að veita eftirfylgni í erfiðum málum og vera til staðar fyrir nemendur sem óska eftir viðtali. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að þjónustan sé veitt innan skólans, að öðrum kosti mundi hún ekki nýtast.

---

<sup>16</sup> Nánari upplýsingar um skólastarfið í Sjálandsskóla má m.a. finna á slóðinni <http://www.sjalandsskoli.is>.



Djárninn telur meginmarkmiðið vera að stuðla að vellíðan nemenda og að vera til staðar fyrir þá. Hann bendir þó á að starfsemi Vinaleiðar sé ákveðið frumkvöðlastarf og því séu markmiðin hugsanlega ekki vel skýr ennþá. Kennarar telja að starf Vinaleiðar snúist fyrst og fremst um að börnin hafi aðgang að einhverjum utanaðkomandi sérfræðingi til þess að ræða við um það sem á þeim hvílir.

### *Samstarfaðilar djákna innan skólans*

Djárninn segist ræða eftir þörfum um Vinaleiðina við stjórnendur Sjálandsskóla en skólastjóri er umsjónarmaður Vinaleiðar innan skólans. Ritari sér um að bóka viðtöl hjá djáknanum og er skólastjórinn tengiliður milli hans og djákna.

Skólaárið 2006-2007 sat djárninn nemendaverndarráðsfundi en kvað þann hátt ekki verða hafðan á þegar starfið hæfist að nýju. Í einu tilviki kvaðst djárninn hafa rætt við skólasálfræðing um málefni barns sem leitaði til Vinaleiðar. Djárninn kveðst líta á sig sem starfsmann skólans og þetta sjónarmið kemur einnig fram í máli skólastjórans.

### *Umfang starfsins á síðasta ári*

Börnin leita til djákna af margvíslegu tilefni svo sem vegna ástvinamissis, skilnaðar foreldra, sorgar sem þau telja foreldra sína bera, einmanaleika eða vegna missis gæludýrs. Nemendur komu misoft í viðtöl, eða 1-10 sinnum, og segir djárninn þau hafa ráðist af vilja barnsins og samkomulagi við sig. Í öðrum tilvikum komu vinkvennahópar til djákna vegna innbyrðis samskiptavanda og kvaðst djárninn hafa verið með fjóra slíka hópa á sínum vegum á síðasta skólaári. Þar sé um að ræða “klassísk vinkvennamál” þar sem leitast sé við að aðstoða við að finna lausnir. Hún kvaðst einnig hafa verið inni á vinnusvæðum nemenda og í matsal og í frímínútum hafi hún lagt kapp á að vera sýnileg. Í töflu 3 sést yfirlit yfir fjölda nemenda og dreifingu eftir kynjum. Bent er á að áður nefndir vinkvennahópar eru innifaldir í heildartölu.

**Tafla 3** Fjöldi nemenda sem fóru í viðtöl í Sjálandsskóla skólaárið 2006-2007

Fjöldi nemenda	Stúlkur	Drengir	Fjöldi viðtala
34	33	1	
			<b>104</b>

Djárninn hefur auk þess hitt fimm drengi utan viðtalsherbergis eftir beiðni eða ábendingum frá kennurum og skólastjórnendum.<sup>17</sup>

Í mörgum tilvikum fóru nemendur til djákna án þess að kennarar hefðu um slíkt milligöngu. Ekki var föst vinnuregla að foreldrar væru látnir vita af viðtölunum fyrir fram en þegar það var ekki gert og barn leitaði til Vinaleiðar voru foreldrar látnir vita af því.

<sup>17</sup> Skýrsla djákna, Jóhönnu Guðrúnar Ólafsdóttur, um Vinaleiðina í Sjálandsskóla skólaárið 2006-2007.

### ***Fjármögnun***

Starfsemi Vinaleiðar í Sjúlandsskóla var fjármögnuð með þeim hætti sem fram kemur í almennum hluta skýrslunnar. Skólinn hafði því ekki kostnað af Vinaleiðinni skólaárið 2006-2007. Á yfirstandandi skólaári hefur starfsemi Vinaleiðar legið niðri á meðan beðið er eftir niðurstöðu þess mats sem hér er kynnt. Í máli skólastjóra kemur fram að skólinn hafi ekki fjárveitingar til þess að standa straum af kostnaði við Vinaleiðina. Færi svo að skólinn þyrfti sjálfur að fjármagna Vinaleiðina yrði að meta á hvern hátt yrði við því brugðist með hliðsjón af annarri stoðþjónustu sem þegar er veitt við skólann. Foreldraráðsfulltrúi kvaðst hlynntur því að Vinaleiðin yrði boðin áfram að því tilskyldu að skólinn hefði ekki kostnað af henni. Ætti skólinn að fjármagna Vinaleið mundi hann forgangsraða öðru vísi og verja þeim fjármunum fremur í eitthvað annað enda væri í mörg horn að líta í þeim efnum.

### ***Reynslan af Vinaleiðinni***

Skólastjóri segist telja að Vinaleiðin hafi gengið mjög vel á síðasta ári. Hann telur eigi að síður að reynslutíminn sé fullstuttur til þess að hægt sé að leggja raunhæft mat á hvaða árangri Vinaleiðin sé að skila. Einnig sé erfitt að leggja mat á það hvort sá árangur sem kunni að hafa náðst hefði verið hinn sami ef t.d. námsráðgjafi hefði átt í hlut. Skólastjóri kveður mikla orku hafa farið í “blaðaupphlaup” sem orðið hafi vegna Vinaleiðarinnar og það hafi haft mikil áhrif á starfsmenn hennar. Aðspurður um kvartanir vegna Vinaleiðar segir skólastjóri að eitt foreldri hafi verið ósátt við að dóttir hennar hefði nýtt sér þjónustuna áður en bréf barst með upplýsingum um hana. Í viðtali við tvo af kennurum kom fram að þær teldu viðhorfið til Vinaleiðarinnar almennt vera jákvætt þótt þær hefðu líka heyrt óánægjuraddir svo sem um það hvernig tekið hefði verið á vinkvennavandamálum. Spurningakönnun sem gerð var meðal foreldra í desember 2006 bendir þó til að meirihluti foreldra sé hlynntur Vinaleiðinni. Könnunin leiddi í ljós að yfir 80% foreldra voru annað hvort frekar hlynntir eða mjög hlynntir Vinaleiðinni, 11% tóku ekki afstöðu og 5% lýstu sig á móti henni.<sup>18</sup>

Djárninn telur að mjög vel hafi tekist til með starfið í Sjúlandsskóla og segist sjá árangur af því. Eftirspurn eftir þjónustu Vinaleiðar hafi verið mikil og bendir í því sambandi á að enginn starfandi námsráðgjafi sé við skólann. Hún telur mjög auðvelt að koma starfi Vinaleiðar fyrir innan veggja skólans vegna þess að starfið fari fram á opnum svæðum.

Í máli tveggja kennara af yngra stigi kemur fram að þær hafa ekki upplýsingar um þá nemendur sína sem leitað hafi til Vinaleiðar enda leiti nemendur eða foreldrar yfirleitt til Vinaleiðar án milligöngu kennara. Þær telja að Vinaleiðin sé góð viðbót við starfið en taka undir með skólastjóra að eitt ár sé of stuttur tími til þess að hægt sé að leggja áreiðanlegt mat á árangurinn af starfinu. Þær benda á að það hafi fyrst og fremst verið stúlkurnar sem nýttu sér þjónustu Vinaleiðar. Aðspurðir um stoðþjónustu við skólann segir annar kennarinn að það sé „nú kannski einmitt það sem vantar“. Af þessu leiði að kennarar verða að sjá um lausn fleiri

---

<sup>18</sup> Svör skólastjóra Sjúlandsskóla við spurningum frá Heimili og skóla, Landssamtökum foreldra frá 13. nóvember sem beint var til skólanefndar Garðabæjar.

og stærri mála en ella væri. Sú þjónusta sem djákninn veiti sé því kærkomin viðbót við aðra þjónustu sem skólinn veiti.

Kennari á eldra stigi kvað sína nemendur mikið hafa nýtt sér þjónustu djáknans en þó eingöngu stúlkurnar. Ástæðurnar voru skilnaðir, ástvinamissir og annars konar áföll. Kennarinn telur að sínum nemendum hafi líkað vel við þá þjónustu sem þeir fengu í Vinaleiðinni. Þessi kennari ræddi við foreldra um Vinaleiðina. Þeir reyndust allir vera í Þjóðkirkjunni og enginn setti sig upp á móti henni. Annar kennari á eldra stigi, segir sína nemendur ekki hafa leitað mikið til djáknans og eingöngu stúlkurnar sem hafi mest verið að takast á við samskiptavandamál í vinkvennahópum. Slík vandamál væru oft tilfinningalegs eðlis og ekki víst að t.d. námsráðgjafar væru færari um að aðstoða við lausn þeirra en djákni. Að öðru leyti kvaðst kennarinn lítið vita um málið þar sem viðtölin væru trúnaðarmál. Þessir kennarar töldu að Vinaleiðin væri af hinu góða, þar gæfist börnum m.a. tækifæri til þess að tjá sig við fullorðinn einstakling og það væri afar mikilvægt. Þeir kváðu aðkomu þjóðkirkjunnar að Vinaleiðinni ekki trufla sig en sögðust vita að ekki væru allir sáttir við hana. Af þessum sökum væri heillavænlegra að aðili óháður kirkjunni byði þessa þjónustu.

Annar foreldraráðsfulltrúi sagðist hafa verið hlynntur Vinaleiðinni í upphafi en væri núna hlutlaus í því máli. Að hans sögn bárust foreldraráðinu engin erindi frá foreldrum um Vinaleiðina. Hinn fulltrúinn kvað góða reynslu vera af starfi Vinaleiðar í Sjálandsskóla og svo virtist sem starfið hafi verið mjög jákvæð viðbót við þann stuðning sem nemendum skólans stæði til boða.

Skólastjóri segir að líklega hafi verið farið of hratt af stað með Vinaleiðina en þar hafi ráðið mestu að hann hreifst af hugmyndinni Tveir kennarar telja það mikinn ókost að starfsmaður Vinaleiðar sé sjaldan í skólanum og því sé ekki hægt að leita til hans þegar mál koma upp. Af því leiði að kennarar þurfi áfram sjálfir að leysa mörg þau mál sem brýnast væri að Vinaleiðin tæki á. Þeir telja líka að djákninn þurfi að vera sýnilegri á vinnusvæðum og frístundasvæðum nemenda.

### ***Framtíð Vinaleiðar í Sjálandsskóla***

Skólastjóri telur að þörf sé á þessari þjónustu og því þurfi hún áfram að vera í boði. Skólinn hafi ekki áður boðið sambærilegan stuðning og því sé um að ræða viðbótarþjónustu við börnin. Kennarar hafi of mikið á sinni könnu til þess að fylgja eftir nemendum sem lent hafa í erfiðum vanda. Við skólann starfa ekki deildarstjórar. Vegna smæðar sinnar hefur skólinn ekki námsráðgjafa og auk þess hafi þeir aðra menntun og aðra aðkomu að starfinu. Bakgrunnur djáknans sé annar en þeirra og hans menntun lúti að sálgæslu og því að vera til staðar og hlusta á nemendur þegar þeir hafa þörf fyrir. Hann telur starf djáknans vera meira í ætt við störf félagsráðgjafa, einkum þeirra sem hafi sérhæft sig til starfa í skólum.

Kennarar segjast vilja sjá þessa þjónustu áfram. Þeir telja þó að skilvirkara gæti verið að fá námsráðgjafa inn í skólann því slíka þjónustu vanti. Þeir telja að þótt Vinaleiðin sé góð viðbót við þjónustu skólans þá komi hún aldrei í staðinn fyrir aðra brýna stoðþjónustu.

### ***Sérstaða Sjálandsskóla gagnvart Vinaleiðinni***

Sjálandsskóli er ungur skóli og allt starfið því í mótun. Skólastarfið er skipulagt með nokkuð öðrum hætti en í hinum skólunum. Nemendur vinna í opnum rýmum sem kölluð eru heimasvæði. Djákninn telur þetta skipulag auðvelda störf sín fyrir Vinaleiðina því aðgengi að nemendum og starfsmönnum sé greitt við slíkar aðstæður. Í nýjum skóla þar sem skólastefna og starfshættir eru í mótun má ætla að ný þjónusta á borð við Vinaleið eigi ekki síðri möguleika til þess að þróast á forsendum skóla og verða hluti af stoðþjónustu hans en í öðrum og rótgrónari skólum.

### ***Samantekt***

Þeir hagsmunaðilar Sjálandsskóla sem tjáðu sig um Vinaleiðina virðast sammála um að verkefnið hafi reynst vel. Þeir benda á hinn bóginn á að eitt ár sé stuttur tími til þess að meta hvort raunverulegur árangur hafi náðst með starfinu. Af gögnum má því ráða að þjónusta Vinaleiðar hafi í meginatriðum reynst vel í Sjálandsskóla, en nokkurrar óvissu gæti meðal starfsmanna um gagnsemi hennar.

## 5. Tillögur til umbóta

---

### *Nokkrar forsendur*

Rúmt ár er síðan verkefnið Vinaleiðin hófst í fjórum skólum í Garðabæ og á Álftanesi. Eitt ár er skammur tími til að undirbúa og hrinda í framkvæmd nýrri sérfræðipjónustu í skólastarfi. Rannsóknir, jafnt sem reynsla, hafa leitt í ljós að nokkur ár tekur að þróa nýja starfshætti, sníða af þeim agnúa ef einhverjir eru og festa í sessi það sem vel reynist.<sup>19</sup> Af þessum sökum má segja að faglegt mat eftir svo skamman reynslutíma orki tvímælis. Skýrsluhöfundar leggja því til að skýrsludrögin og tillögurnar sem hér eru settar fram séu lesnar með þessum fyrirvara.

Skýrsluhöfundar telja að verkefnið Vinaleiðin hafi á skömmum tíma náð að skapa sér sess sem gagnleg viðbót við þá stoðþjónustu sem umræddir skólar bjóða. Þeir annmarkar sem komið hafa í ljós á þessu eina ári eru um margt dæmigerðir fyrir byrjunarörðugleika sem fylgja nýbreytni í skólastarfi. Slíkir annmarkar lúta oft að afmörkun hinnar nýju þjónustu, skörun hennar við þá þjónustu sem fyrir er, ólíkri sýn á þá menntun og reynslu sem hæfi þjónustunni og samstarfi við þá starfsmenn skóla sem fyrir eru. Síðast en ekki síst er algengt að þeim sem ætlað er að útfæra þjónustuna sé naumt skammtaður tími til að kynna sér og gera upp hug sinn gagnvart henni. Þessum aðilum gefst því oft takmarkað rými til þess að átta sig á inntaki hugmyndanna, máta þær við núverandi veruleika og gera í kjölfarið upp hug sinn um hvort þær séu “á vetur setjandi”. Fyrir vikið verða oft árekstrar í skólasamfélögum meðan ný starfsemi er að festa sig í sessi. Allt eru þetta velþekkt vandamál í breytingastarfi og margt af þessu á við um aðdraganda og undirbúning Vinaleiðarinnar á vettvangi þeirra fjögurra skóla sem hér eru til umfjöllunar.

Aðdragandi Vinaleiðarinnar var t.d. afar knappur, kynningar fóru fram um það leyti sem starfið var að hefjast og lítill sem enginn tími virðist hafa gefist til umræðna um hugmyndafræði og framkvæmd á vettvangi. Í ljósi þessa má merkilegt telja hversu litlum óróleika Vinaleiðin virðist hafa valdið innan veggja skólanna. Sú staðreynd hlýtur að segja nokkuð um gagnsemi þjónustunnar og hæfni þeirra sem hana veittu. Þetta ber ekki síst að skoða í ljósi þeirrar miklu og misjákvæðu umfjöllunar sem þetta verkefni fékk í fjölmiðlum og víðar síðastliðið skólaár.

Ljóst er eigi að síður að starfsmenn skólanna og foreldrar hafa mismunandi sýn á bæði gagnsemi Vinaleiðarinnar og réttmæti þess að þjóðkirkjan hafi með þessum hætti aðkomu að skólastarfi. Margir eru afar ánægðir með þá reynslu sem fengist hefur af Vinaleiðinni þetta eina ár sem hún hefur starfað. Þessi hópur telur hugmyndafræðina skýra og starfshættina mótaða og telur að þjónustan sé fyrst og fremst viðbót við þá stoðþjónustu sem þegar er veitt í skólunum. Aðrir telja aftur á móti að eðli þeirrar þjónustu sem Vinaleiðin býður sé annaðhvort

---

<sup>19</sup> Um þetta er m.a. fjallað í bókum Per Dalin, *Changing the school culture*, sem gefin var út af Cassell 1993 og Michael Fullan, *Change forces with a vengeance*, gefin út af Routledge Falmer 2003.

ekki frábrugðin þeirri sem fyrir er eða að þjónustan hafi verið svo illa skilgreind og lítt afmörkuð að torvelt sé að átta sig á í hverju sérstaða hennar liggir. Loks eru þeir sem telja að þótt þjónusta Vinaleiðarinnar eigi fyllilega rétt á sér þá eigi hún ekki heima innan skólans.

Til viðbótar vel þekktum vandamálum í breytingastarfi, varð Vinaleiðin og starfsmenn hennar fyrir miklu andstreymi strax á fyrstu mánuðum starfsins. Þeir erfiðleikar urðu þó ekki vegna innbyrðis vanda skólanna heldur vegna þess að óánægðir foreldrar vöktu athygli á málinu í fjölmiðlum. Af umfangi þeirrar umræðu hefði mátt ætla að um fjölmennan hóp foreldra væri að ræða. Það er þó sameiginlegt álit viðmælenda skýrsluhöfunda að svo hafi ekki verið og sömu ályktun má draga af skoðun gagnanna. Um fjöldann skal þó ekki fullyrt því matið sem hér er lagt til grundvallar fól ekki í sér magnmælingar af neinu tagi. Matið bendir til að sú umfjöllun hafi ekki einungis haft letjandi áhrif á starf Vinaleiðar í þeim skóla sem átti í hlut, heldur á einhvern hátt í þeim öllum.

Með hliðsjón af framangreindu, það er stuttum aðdraganda að Vinaleiðinni og áður nefndum andmælum úr umhverfi skólanna, er ekki að sjá annað en vel hafi tekist til með framkvæmdina þetta eina ár sem Vinaleiðin hefur verið starfrækt. Í tveimur þeirra skóla sem matið tók til er almenn ánægja með hvernig til tókst. Í hinum skólunum tveim er velvilji starfsmanna í garð Vinaleiðar ekki jafn eindreginn, þó ekki sé um að ræða andmæli gegn henni. Meðal þeirra röksemda sem þar koma fram eru, eins og áður hefur komið fram, að aðkoma þjóðkirkjunnar að þjónustunni sé annaðhvort óæskileg eða orki tvímælis. Starfsmenn í öðrum þessara skóla voru einnig sammála um að það stoðkerfi sem fyrir væri í skólanum væri svo sterkt að Vinaleiðin bætti þar litlu við. Þessir starfsmenn hefðu fremur kosið að verja þeim fjármunum sem til Vinaleiðarinnar fóru til þess að auka við þá stoðþjónustu sem fyrir var í skólanum. Þeir foreldrar sem rætt var við voru almennt mjög sáttir við þjónustu Vinaleiðar. Eitt foreldri var þó andvíggt því að kirkjan starfaði með þessum hætti innan skólanna og annað foreldri sagðist vera hlutlaust í málinu.

Það er fyrst og fremst með hliðsjón af ofangreindum þáttum sem skýrsluhöfundar leggja fram eftirfarandi tillögur. Þær eru ætlaðar hagsmunadílum skólanna til stuðnings við þróun Vinaleiðarinnar verði niðurstaðan sú að bjóða þjónustuna áfram. Tillögurnar taka jafnframt mið af þeim atriðum sem tilgreind voru í verksamningi og kynnt voru í fyrsta kafla skýrslunnar, þ.e. hugmyndafræði, markmiðum og útfærslu verkefnisins.

### *Sérstaða Vinaleiðar - óskýr afmörkun*

- **Draga þarf fram með skýrum hætti hver sérstaða Vinaleiðarinnar er.**

Fram hefur komið að allstór hópur starfsmanna við skólana hefur óljósar hugmyndir um markmið og starfsemi Vinaleiðarinnar. Þeir telja að hugmyndafræðin sé óljós og framkvæmdin illa afmörkuð og því sé erfitt að átta sig á því hver sérstaða Vinaleiðarinnar sé

innan stoðkerfis skólanna. Skýrsluhöfundar taka undir þetta sjónarmið. Hugtakið *sálgæsla* gegnir t.d. lykilhlutverki í hugmyndafræði Vinaleiðarinnar en merking þess er bæði óljós og víð. Verði Vinaleiðin áfram í boði, þarf að ráða bót á þessu. Að þeirri vinnu þurfa jafnt fulltrúar kirkjunnar og skólanna að koma. Líklegt er að þessi óljósa afmörkun og skilgreining sé ein af ástæðunum fyrir því að framkvæmd þjónustunnar á vettvangi er afar mismunandi. Í einum skólanum virðist sem eingöngu sé um að ræða trúnaðarsamtöl einstakra nemenda við starfsmann Vinaleiðar. Í þeim skóla eru markmiðin ljós og verklagsreglur skýrar. Starfsmaður Vinaleiðar hittir tengilið verkefnisins reglulega og nákvæmlega er fylgst með því að úrræði séu vel nýtt og skörun sem minnst. Í öðrum skóla beindist þjónustan nokkuð að hópum og innbyrðis vandamálum þeirra þótt einnig í þeim tilvikum væri fyrst og fremst tekið á þeim með einstaklingsviðtölum. Í þessum skóla virðast markmiðin óljósari, verklagsreglur óskýrari og tengslin við starfsfólk takmörkuð.

Eini þátturinn sem virðist standa óhaggaður, hvernig sem útfærslu þjónustunnar er háttað, er trúnaður við alla þá nemendur sem nýta sér þjónustuna. Þessi afstaða er réttmæt þegar um er að ræða samtöl vegna tilfinningalegra áfalla sem börnin verða fyrir, enda hafa prestar ávallt sinnt slíkri þjónustu. Trúnaður í þeim skilningi sem Vinaleiðin leggur áherslu á orkar á hinn bóginn tvímælis þegar um er að ræða annars konar þjónustu svo sem aðstoð við hópa af ungu fólki sem eru að takast á við ósætti eða einelti í sínum hópi. Við slíkar aðstæður virðist einsýnt að bæði námsráðgjafar og umsjónarkennarar og í einhverjum tilvikum foreldrar, þurfi eðli málsins samkvæmt að koma að málunum.

Í þessu sambandi má benda á að hugtakið trúnaður er vísast fremur torskilið ungum börnum sem í Vinaleiðina sækja. Sama máli gegnir um tilkynningaskyldu starfsmanna Vinaleiðar sem þeir segjast útskýra fyrir þeim börnum sem til þeirra leita. Skilningur á hugtökum af þessu tagi kemur með aldri og auknum þroska barnanna en þess er vart að vænta að börn niður í 3. bekk grunnskóla hafi náð því þekkingar- og þroskastigi sem til þarf. Í ljósi þess er vafamál hversu mikið gildi þessi sáttmáli um trúnað milli starfsmanna og barnanna hefur.

Með vísan í framangreint, telja skýrsluhöfundar að draga þurfi fram með skýrari hætti en nú er, hver hin raunverulega sérstaða Vinaleiðar sem sérúrræðis er og skilgreina þurfi verksvið starfsmanna og endurskilgreina starfshætti þeirra með hliðsjón af því. Skýrt þarf að koma fram hvort eingöngu er um að ræða aðstoð og stuðning vegna áfalla á borð við dauðsföll eða annan missi. Ef svo er þá hlýtur þjónustan fyrst og fremst að snúast um áfallahjálp og eftirfylgd við börnin með stuðningi til lengri tíma. Afmarkist þjónustan við slík viðfangsefni eru starfsmenn Vinaleiðar ekki að bjóða aðra þjónustu en kirkjan hefur ævinlega veitt. Ætla má að menntun guðfræðinga og djákna sé jafnvel betur fallin til að veita börnum slíkan stuðning en þeirra starfsmanna annarra sem skólinn hefur á að skipa. Verði niðurstaðan á hinn bóginn sú að Vinaleiðin taki áfram til víðara sviðs, svo sem eins og að sætta ágreining í vinahópum eða ræða við börn sem verða fyrir einelti þá eru bæði viðfangsefnin og eðli þeirrar þjónustu nátengd þeirri sem þegar er veitt innan skólanna. Slík viðfangsefni ættu því að vera samstarfsverkefni þeirra aðila sem sinna slíkri þjónustu innan skólans.

Vinaleiðinni er lýst sem hluta af stoðkerfi skólanna. Eitt af meginmarkmiðum hennar er sagt vera það að styðja jafnt heimili sem skólana með því að hlúa að börnunum. Með hliðsjón af þessum áherslum er nauðsynlegt að fulltrúar þessara aðila, sveitarfélaga, skóla, foreldra og kirkju dragi fram með skýrum hætti hvert skuli verða eðli og umfang þeirrar þjónustu sem Vinaleiðin veitir. Slík umræða þarf að fara fram á breiðum grundvelli en foreldrar gegna þar lykilhlutverki. Að þeirra þætti verður vikið næst.

### ***Foreldraráð***

- **Brýnt er að foreldraráð skólanna fjalli formlega um Vinaleiðina og taki afstöðu til verkefnisins sem kjörnir fulltrúar foreldra og veiti umsögn sína.**

Í 16 gr. grunnskólalaga (66/1995) segir svo um foreldraráð í grunnskólum:

Foreldraráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum, svo og með framkvæmd þeirra.<sup>20</sup>

Þessu ákvæði er nánar fylgt eftir í heftinu *Lög um grunnskóla 1995. Yfirlit yfir fyrirspurnir, dreifbréf til skóla, fréttatilkynningar og kvartanir vegna laga um grunnskóla nr. 66/1995* en þar er undirstrikað að framangreint lagaákvæði hafi þann tvíþætta tilgang að upplýsa foreldra um skólastarf og styrkja stöðu þeirra til þess að hafa áhrif á starfsemi skólans. “Foreldrar geta þannig í vissum skilningi haft eftirlit með starfi skólans og þeim þáttum sem þeim finnst skipta máli varðandi framkvæmd skólahalds”.<sup>21</sup>

Í tilvitnunni hér að framan kemur fram að foreldraráð hafa þá lagaskyldu að fjalla um skólanámskrár og “aðrar áætlanir sem varða skólahaldið”.

Matið leiðir í ljós að þótt foreldraráðin hafi tekið á þeim málum sem bárust inn á þeirra borð varðandi Vinaleiðina eftir að starfsemin hófst, þá höfðu þau ekki frumkvæði að því að fjalla um þessa þjónustu áður en henni var ýtt úr vör. Ein ástæðan kann að vera sú að foreldraráðin hafi ekki talið að starfsemi Vinaleiðar snerti skólastarfið með saman hætti og það innra starf sem skólanámskrá tekur til eða þær “aðrar áætlanir” sem nefndar eru í lagagreininni. Önnur líkleg ástæða er sú að foreldrum hafi ekki gefist nægilegur fyrirvari til þess að fjalla um málið innan þess nauma tímaramma sem aðdragandi leyfði. Eins og fram hefur komið þá var ákvörðun um að bjóða þjónustuna tekin vorið 2006 en foreldrar höfðu ekki aðkomu að gangi mála fyrr en um haustið eftir að ákvörðun lá fyrir. Þetta verður að teljast óheppilegt.

---

<sup>20</sup> Lög um grunnskóla 66/1995.

<sup>21</sup> Menntamálaráðuneytið 1997, 13.



Um það leyti sem skólastjórnendur í Garða- og Bessastaðasókn voru að kynna sér Vinaleiðina, vorið 2006, var verið að breyta eldra ákvæði grunnskólalaga um hlutverk og skyldur foreldráða. Með þeirri lagabreytingu sem gekk í gildi í janúar 2007, er hnykk enn frekar á ábyrgð foreldra og eftirlitshlutverki en þar segir: “Foreldraráð skal jafnframt fá til umsagnar fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanlega ákvörðun um þær er tekin”.<sup>22</sup>

Vinaleiðin var tilboð þjóðkirkjunnar til skólanna. Skólastjórnendur tóku þá ákvörðun að þiggja hana og fulltrúar foreldra í foreldraráðum gerðu ekki athugasemdir við þá ákvörðun. Í viðtölum við fulltrúa þessara aðila kemur fram að ákvörðunin var tekin með velferð barnanna í huga. Litið var svo á að í Vinaleiðinni fælist tilboð og möguleikar á aukinni og bættri þjónustu við börn grunnskólans. Ákvörðunin bendir jafnframt til þess að jafnt skólafólkið sem foreldrar hafi borið traust til kirkjunnar og litið á hana sem eðlilegan samstarfsaðila við skóla og heimili.

Reynslan á því ári sem Vinaleiðin hefur verið starfrækt bendir, á hinn bóginn til, að ekki séu allir sáttir við þá ákvörðun að taka upp samstarf af þessu tagi við þjóðkirkjuna. Við slíku er vart að búast þegar þiggjendur þjónustunnar eru börn sem eru að mótast fyrir lífið auk þess sem engin hefð er fyrir því að kirkjan komi með svo beinum hætti að starfi skólanna. Ætla má að sú gagnrýni á Vinaleiðina sem fram kom á síðasta skólaári hefði farið í annan og frjórri farveg ef foreldraráð hefðu þá þegar verið farin að starfa í samræmi við hin nýju ákvæði um foreldraráð skólanna. Sú breyting tekur af öll tvímæli um það að foreldraráðin skuli fá “meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla” til umsagnar *áður en* (leturbreyting höfundu) ákvörðun um þær er tekin. Vera kann að einhverjir skólanna hefðu þá strax tekið þá ákvörðun að annað hvort hafna þessu tilboði eða bíða með ákvörðun meðan málið væri skoðað nánar. Aðrir hefðu hugsanlega talið að innan skólasamfélagsins ríkti sú sátt um þjónustuna sem þyrfti til að ýta henni úr vör. Hefði eigi að síður komið upp gagnrýni á starf Vinaleiðar í þessum skólum hefði verið hægt að beina henni í réttan farveg, þ.e. að þeim sem mæltu með því og ákváðu að þiggja þjónustu kirkjunnar, skólayfirvöldum og fulltrúum foreldra sem standa eiga vörð um starfshætti í skólunum. Á þeim vettvangi hefðu getað farið fram frjó skoðanaskipti milli hagsmunaaðila um Vinaleiðina, réttmæti hennar, stöðu og framtíð og um samstarf heimila, skóla og þjóðkirkju.

Á sama hátt hefði aðstaða kennara til þess að bregðast við á upplýstan hátt verið önnur og sterkari ef þeim hefði áður gefist tóm til þess að kynna sér Vinaleiðina. Þá hefðu þeir getað tekið afstöðu til þeirra hugmynda sem að baki Vinaleiðinni liggja og gert upp hug sinn um það hvort þeim fyndist hún eiga heima innan veggja skólans eða styddi við skólastarfið.

---

<sup>22</sup> Lög um breytingar á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Verði Vinaleiðin áfram í boði leggja skýrsluhöfundar til að foreldraráðin fjalli formlega um bæði inntak og framkvæmd Vinaleiðarinnar. Þar verði tekið mið af þeirri reynslu sem síðasta skólaár skilaði skólunum og gefin umsögn um framhaldið.

Loks er hér undirstrikað að þjónusta Vinaleiðar er ekki hluti af lögbundinni þjónustu skóla. Samkvæmt íslenskum lögum<sup>23</sup> eru það sveitarfélögin sem hafa síðasta orðið um þá þjónustu sem skólar bjóða. Vera má að sveitarfélögin tvö, Garðabær og Álftanes, hafi ekki sömu sýn á starfsemi Vinaleiðar og sú afstaða letji eða styðji við starfsemina. Um það skal ekkert fullyrt enda náði matið ekki til skólanefnda eða bæjarstjórna viðkomandi sveitarfélaga. Ljóst er eigi að síður að aðkoma sveitarfélagana að Vinaleiðinni var ólík. Á Álftanesi stóðu skólastjórnendur og sveitarfélagið sameiginlega að ákvörðun um að Vinaleiðin yrði boðin í Álftanesskóla og bæjarstjórnin lagði Vinaleiðinni til fjármagn á síðasta skólaári. Sveitarfélagið í Garðabæ kom á hinn bóginn hvorki að þeirri ákvörðun að taka tilboði kirkjunnar um að færa Vinaleiðina inn í skólana í Garðabæ né heldur lagði það fram fjármagn til Vinaleiðarinnar. Hér er því áréttað að jafnvel þótt bæði fulltrúar foreldra og skólafólks sammælist um að Vinaleiðin verði áfram innan vébanda skólanna þá verður ekki séð að skólar í Garðabæ geti áfram boðið þjónustu Vinaleiðar án formlegrar aðkomu sveitarfélagsins að málinu. Þeirri ákvörðun að bjóða nýja þjónustu á borð við Vinaleiðina innan vébanda skóla fylgir ærin ábyrgð og hana þurfa fulltrúar allra hagsmunaaðila skólanna að axla.

Vegna þeirrar miklu umfjöllunar sem Vinaleiðin fékk í fjölmiðlum á síðasta skólaári er hér á eftir vikið sérstaklega að meginatriðum þeirrar gagnrýni sem hæst bar. Þá er einkum haft í huga að hagsmunaaðilar skólanna geti dregið einhvern lærdóm af.

### ***Andmæli við Vinaleiðina***

Eftir að verkefnið Vinaleiðin hóf starfsemi í skólum Garðabæjar og Álftaness haustið 2006 fór að bera á andmælum og athugasemdum frá nokkrum aðilum við starfsemina. Þar bar hæst mótmæli eins foreldris í Hofstaðaskóla. Sami aðili sendi m.a. jafnréttisnefnd Kennaraháskóla Íslands erindi og óskaði eftir áliti hennar á Vinaleið þjóðkirkjunnar. Einnig gerðu formaður og ritari Siðmenntar athugasemdir og skýrðu afstöðu þeirra samtaka til Vinaleiðar. Þetta leiddi til blaðaskrifa og annarrar fjölmiðlaumfjöllunar um málið, sem stóð að mestu yfir frá miðjum október og fram í febrúar á þessu ári. Ritaðar voru greinar í blöð og send bréf til hlutaðeigandi aðila til að fá nánari skýringar og svör. Í Kastljósinu 14. nóvember 2006 tókust þeir Jóhann Björnsson ritari Siðmenntar og Hilmar Ingólfsson skólastjóri Hofstaðaskóla á um málið.

Kjarninn í málflutningi Siðmenntar er að Vinaleiðin sem þjónusta á vegum kirkjunnar eigi ekki heima inni í skólum. Siðmennt setur sig að öðru leyti hvorki upp á móti trúaruppeldi né á móti Vinaleið kirkjunnar.<sup>24</sup> Nánari upplýsingar um afstöðu og málflutning Siðmenntar má finna á vef samtakanna.<sup>25</sup>

<sup>23</sup>Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

<sup>24</sup>Þessi atriði komu m.a. fram í erindi sem fulltrúi Siðmenntar flutti á fundi jafnréttisnefndar KHÍ 15.02 2007

<sup>25</sup><http://sidmennt.is/>

Meðal þess sem andmælendur nefna og gera athugasemdir við eru siðareglur Vinaleiðarinnar sem hafi birst m.a. á vef kirkjunnar, en þær hafi mátt skilja svo að í Vinaleiðinni fælist trúarleg boðun, sbr. bréf foreldis til skólastjóra Hofstaðaskóla 14. janúar 2007.<sup>26</sup> Einnig er gerð athugasemd við aðferðir starfsmanna Vinaleiðarinnar í skólunum, svo sem innkomu í kennslustundir, og starfsheiti þeirra, þ.e. „skólaprestur“ og „skóladjákni“. Loks er bent á að óljóst sé hvert hlutverk starfsmanna Vinaleiðarinnar sé, t.d. hvort samtöl þeirra við nemendur eigi að skoðast sem stuðningsviðtöl, meðferðarviðtöl eða sálgæsluviðtöl og að hvaða marki þeir séu að seilast inn á verksvið annarra fagaðila, t.d. skólasálfræðinga, félagsráðgjafa eða námsráðgjafa sem gera megi ráð fyrir að gæti hlutleysis með tilliti til trúar- og stjórnmalaskoðana. Einnig hefur verið vitnað til ummæla biskups um Vinaleiðina þar sem hann nefni hana sem eitt af „sóknarfærum kirkjunnar“ (stefnuræða á Prestastefnu Íslands 2006)<sup>27</sup> og í skrifum sínum hafi biskup minnt á að sálgæsla snúist „umfram allt um trú, samfélag við Guð“.<sup>28</sup>

Viðbrögð við þessum andmælum hafa verið með ýmsum hætti af hálfu yfirvalda, stjórnenda skóla og fulltrúa foreldra. Tveir af viðmælendum vísuðu til ályktunar Svæðaráðs foreldrafélaga í Garðabæ þess efnis að það setti sig ekki upp á móti verkefninu en lýsti trausti gagnvart skólunum og stjórnendum þeirra til að vega verkefnið og meta. Formaður foreldraráðs Hofstaðaskóla segir í bréfi dagsettu 18. desember 2006,<sup>29</sup> að það sé mat ráðsins að „Vinaleiðin stangist ekki á við lög heldur sé starfið til þess fallið að styðja við nemendur og skólastarfið í heild...telur Foreldraráð ekki ástæðu til að gera athugasemdir við starfið en mun fylgjast með hvernig það nýtist nemendum.“ Loks svaraði menntamálaráðherra fyrirspurn um Vinaleiðina á eftirfarandi hátt hinn 14. febrúar 2007:

Þegar skólar taka ákvörðun um að nýta þjónustu félags, trúfélags í þessu tilviki, í þágu nemenda þarf skólinn að fara að lögum og reglugerðum þar að lútandi. Menntamálaráðuneytið tekur hvorki sérstaka afstöðu til verkefnisins vinaleiðar né getur ráðuneytið lagt mat á gildi þess fyrir nemendur og foreldra eða forráðamenn. ...Sveitarfélög og skólarnir undir forustu skólastjórnenda eru samkvæmt grunnskólalögum ábyrg fyrir skólastarfinu og vega það og meta í samvinnu við foreldra eða forráðamenn nemenda. Það er skólastjórnenda að ákveða hvort þeir nýti sér þjónustu utanaðkomandi aðila, hvort þeir vilji skapa henni aðstöðu innan veggja skólans...Ég undirtrika að það eru sveitarfélögin sem ákveða að bjóða upp á þessa þjónustu og hún er hvorki hluti af lögboðinni skyldu- né sérfræðiþjónustu skólans.<sup>30</sup>

<sup>26</sup> Sjá bréf í viðauka 1, dags. 14.01. 2007 til Margrétar Harðardóttur, skólastjóra í Hofstaðaskóla. og svarbréf skólastjóra, í viðauka 2, dags. 17. 01. 2007.

<sup>27</sup> Sjá slóðina [http://kirkjan.is/?prestastefna/2006/setningarraeda\\_biskups](http://kirkjan.is/?prestastefna/2006/setningarraeda_biskups).

<sup>28</sup> Sjá bókina *Í birtu náðarinnar: hirðisbréf til íslensku kirkjunnar* eftir Karl Sigurbjörnsson sem gefin var út af Skálholtsútgáfunni 2001.

<sup>29</sup> Sjá viðauka 3.

<sup>30</sup> Finna má svar ráðherra í heild á vef Alþingis <http://www.althingi.is/> en svarið fylgir einnig útprentað í viðauka 4.

Ljóst er að starfsemi Vinaleiðar bar brátt að. Þjónustan var kynnt stjórnendum í maí 2006. Starfsmenn voru flestir að heyra um Vinaleiðina um það leyti sem skólastarf var að hefjast og foreldrar ásamt nemendum fengu kynningar á starfseminni í upphafi skólaárs um haustið. Reynslan hefur kennt að breytingar festast seint og illa í sessi ef þeir sem þær eiga að útfæra hafa ekki fengið tækfæri til þess að kynna sér þær og meðtaka áður en hafist er handa. Orð menntamálaráðherra hér að ofan endurspeglar þau sjónarmið skýrsluhöfunda að mikilvægt sé jafnt fyrir starfsmenn skólanna sem og foreldra, að þeir gefi sér þann tíma sem þarf til að fjalla um þjónustu sem varðar velferð nemenda, áður en henni er hrint í framkvæmd.

### *Kostun og fjármögnun*

- **Brýnt er að taka af öll tvímæli um það hvernig Vinaleiðin verði fjármögnuð í framtíðinni.**

Vinaleiðin var hugsuð sem tilraun til eins árs, „nokkurs konar þróunarverkefni“ eins og sóknarprestur orðar það í bréfi til fjölmiðla. Undir þetta taka ýmsir viðmælenda í skólunum fjórum, svo sem Sveinbjörn Markús Njálsson, skólastjóri Álftanesskóla. Algengt er að óvissa ríki um fjármögnun slíkra verkefna umfram þann tíma sem tilraunin stendur. Sé vilji fyrir því hjá sóknum og sveitarfélögum að bjóða þjónustu Vinaleiðarinnar áfram er nauðsynlegt að koma fjármögnun hennar í fastan farveg. Að öðrum kosti skapast hvorki festa í starfseminni né heldur verður mögulegt að ráða hæft starfsfólk að verkefninu.

Í gögnum um Vinaleiðina koma ekki fram upplýsingar um beinan kostnað sem hlotist hefur af verkefninu eða hverjir helstu kostnaðarliðirnir eru aðrir en laun starfsmanna verkefnisins. Hins vegar má sjá í gögnunum og af viðtölum við stjórnendur og aðra að fyrirkomulag fjármögnunar hefur verið rætt og vafist fyrir mörgum, en ekki legið ljóst fyrir. Upphaflega var skipuð nefnd til að sinna fjáröflun. Hún var skipuð tveimur skólastjórum og einum fulltrúa frá kirkjunni. Niðurstaða þeirrar nefndar virðist hafa verið sú að skólarnir settu ekki fé í þetta verkefni af sínu rekstrarfé. Nefndin hafði hins vegar knappan tíma til að leita úrræða og styrkjamöguleikar þóttu fáir.

Eins og þegar hefur komið fram þá ríkir það meginviðhorf meðal stjórnenda og annarra starfsmanna skólanna að skólarnir eigi ekki að kosta þjónustu af þessu tagi. Í Mosfellsbæ, þar sem verkefnið hefur verið við lýði í átta ár, hafa bæjaryfirvöld og kirkjan lagt fram fé til verkefnisins. Á Álftanesi lagði bæjarstjórn til fjármagn skólaárið 2006-2007, en á þessu skólaári fjármagnar Bessastaðasókn verkefnið. Yfirvöld í Garðabæ hafa hins vegar ekki tekið afstöðu í því máli enn. Skólaárið 2006-2007 lagði aðstandandi barns í Hofsstaðaskóla fram fé til verkefnisins til viðbótar framlagi kirkjunnar, en skólarnir lögðu til húsnæði. Að sögn eins viðmælenda var það töluvert rætt meðal stjórnenda skólanna í Garðabæ að skólarnir legðu fram fé sem heimfært yrði á einhverja af útgjaldaliðum skólanna og létu sumir í ljós vilja til þess. Aðrir voru þessu alfarið mótfallnir þannig að ekkert samræmt fyrirkomulag hefur enn

verið samþykkt í þeim efnum. Á yfirstandandi skólaári er verkefnið enn styrkt af áðurnefndum einkaaðila og einnig af kirkjunni.

Verði þjónusta Vinaleiðar áfram í boði í skólunum fjórum hvetja skýrsluhöfundar til þess að gerð verði gangskör að því að koma fjármögnun hennar í fastan farveg. Að öðrum kosti mun áfram ríkja óvissa um þjónustuna og erfitt verður að ná festu í starfsemina, skapa samfellu í starfið og tryggja hæfa starfsmenn til þess að sinna því.

### *Nokkrar aðrar ábendingar*

- Í fyrirspurn á Alþingi svarar menntamálaráðherra því til að ábyrgð og ákvarðanatöku um verkefni eins og Vinaleiðina sé fyrst og fremst hjá sveitarfélögum og skólunum. Hér er því lagt til að allir hagsmunaaðilar kynni sér þau álitamál sem bárust menntamálaráðuneytinu, Landssamtökunum Heimili og skóla, skólastjórum og foreldraráðum og taki til þeirra skýra afstöðu.
- Í viðtölum við kennara og stjórnendur koma m.a. fram hugmyndir um aðrar mögulegar útfærslur á Vinaleiðinni heldur en þær sem reyndar voru skólaárið 2006-2007. Þar má nefna að starfsmenn verkefnisins hefðu aðsetur í húsakynnum kirkjunnar og einn slíkur starfsmaður væri alltaf aðgengilegur þar alla starfsdaga vikunnar, en gæti komið í skólana þegar á þyrfti að halda. Lagt er til að slíkar útfærslur verði ræddar og tekin afstaða til þeirra.
- Verði Vinaleiðin starfrækt áfram innan veggja skólanna er hér lagt til að starfsmenn hennar og verkefni verði sýnilegri þáttur í heildarstarfi þeirra en raun ber vitni og verði fest í sessi m.a. í áætlana- og skólanámskrárgerð.
- Eins og þegar hefur komið fram virðast hlutverk og markmið verkefnisins ekki vera nægilega skýr í hugum allra hagsmunaaðila Vinaleiðarinnar. Hér er því lagt til að viðfangsefni og sérstaða Vinaleiðar verði skilgreind eins og kostur er þannig að ljóst sé hvernig þau falla að, eða skarast við, aðra stoðþjónustu. Einnig er lagt til að hlutverk og markmið verkefnisins séu rædd og kynnt reglulega og gerð aðgengileg öllum aðilum máls.
- Komi upp ágreiningur eða gagnrýni á Vinaleiðina eða starfsmenn hennar (sbr. umfjöllun um mitt síðasta skólaár), er hér lagt til að slík umræða fái málefnalega umfjöllun meðal hagsmunaaðila skólans.

- Skýrsluhöfundar benda á að sú áhersla sem lögð er á trúnað við nemendur í Vinaleiðinni geti leitt til þess að starfsmenn Vinaleiðarinnar standi einir að því að leysa vandamál sem eðlilegt væri að aðrir sérfræðingar í stoðkerfi skólans kæmu að.
- Einn starfsmaður ber uppi þjónustu Vinaleiðarinnar í hverjum skóla. Ætla má að slíkri stöðu geti bæði fylgt umtalsvert álag og mikil ábyrgð. Verði þjónustan boðin áfram er hér lagt til að þetta fyrirkomulag verði endurskoðað í því ljósi.

## Lokaorð

---

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir mati á verkefninu Vinaleiðinni, sem er samstarfsverkefni skóla og kirkju í tveimur sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða Flataskóla, Hofsstaðaskóla og Sjálandsskóla í Garðabæ og Álftanesskóla í sveitarfélaginu Álftanesi. Það er von skýrsluhöfunda að matið varpi nokkru ljósi á viðhorf og reynslu þeirra sem að Vinaleið hafa komið í þetta eina ár sem hún hefur verið starfrækt. Skýrsluhöfundar vonast jafnframt til þess að matið opni farveg fyrir umræðu um Vinaleiðina áður en lengra er haldið. Brýnt er að hagsmunaaðilar skólanna ræði og taki afstöðu til þess hvort réttmætt sé að kirkjan komi að skólastarfi með þeim hætti sem hún gerir með Vinaleiðinni. Verði það niðurstaðan þurfa að fara fram hreinskiptin skoðanaskipti um hugmyndafræði, markmið og leiðir með starfinu. Síðast en ekki síst þarf þá að finna starfinu farveg sem gerir Vinaleiðinni fært að þróast áfram í samspili við aðra þætti í stoðkerfi skólanna. Þar ræður traust manna á milli mestu.